

3. tbl. 30. árgangur maí 2008

Virðing  
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ



## Félagsmál

- 04 Ný viðhorfskönnun
- 06 Kjarasamningar við FÍS
- 07 Orlofsuppbót
- 07 Réttindi barna og unglunga
- 08 Office One dómur
- 09 Tjaldvagnar
- 22 Slysabætur
- 24 Ungt fólk á vinnumarkaði
- 32 Orlof og orlofsréttur

## Fyrirtæki ársins 2008

- 11 Listi yfir stærri fyrirtæki  
50 eða fleiri starfsmenn
- 12 Listi yfir minni fyrirtæki  
Færri en 50 starfsmenn
- 14 Sigurvegarar
- 15 Hástökkvarar
- 16 Sigurvegarar og  
fyrirmyndarfyrirtæki
- 18 Heildareinkunn hækkar
- 19 Samanburður við SFR

## Viðtöl og greinar

- 26 Uppskriftir
- 28 Pistill Gerðar Kristnýjar
- 29 Bókin með í fríið
- 35 Hugarheimur formanns VR



## VR

Húsi verslunarinnar  
Kringlunni 7, 103 Reykjavík  
Sími 510 1700  
vr@vr.is



## VR á Austfirði?

Undanfarið hafa átt sér stað viðræður milli Verslunarmannafélags Austurlands á Egilsstöðum og VR um möguleika á sameiningu, en góð reynsla er komin á sameiningu VR við Akranes, Hafnarfjörð, Vestmannaeyjar og Hvammstanga. Ljóst er að Austfirðingar, sem eru um 400, eru áhugasamir og hefur stjórn og trúnaðarráð samþykkt að leggja það til við félagsmenn að sameinast VR. Við í VR fögnum þessum áhuga og hlökkum til ef af verður.

Ef af þessari sameiningu verður teljast félagmenn VR nálægt 90% af Landssambandi íslenskra verzlunarmanna (LÍV). Undanfarin 6 ár hefur skrifstofa LÍV verið inni á skrifstofu VR og á framhaldspingi LÍV sem haldið verður á Akureyri í haust er áformað er að ræða framtíðarskipan landssambandsins og liggur m.a. fyrir tillaga um að fækka í stjórn landsambandsins, en nú skipa 11 manns stjórnina.

Ef Austfirðingar sameinast okkur standa eftir fjögur hrein verslunarmannafélög; við Eyjafjörð, í Skagafirði, á Suðurnesjum og Suðurlandi. Auk þess starfa verslunarmenn inni í verkalyðsfélögum á; Vesturlandi, Vestfjörðum, hluta af Húnavatnssýslu og Höfn og Húsvíkingar voru að ganga inn í sameinað stéttarfélag á austanverðu Norðurlandi. Við í VR teljum að það geti verið ávinningur í því að verslunarmenn sameinist í eitt landsfélag, en við virðum að sjálfsgöðu ákvörðunarrétt þeirra félaga sem velja að starfa áfram sjálfstætt. Hvernig sem fer er eðlilegt að landssambandið þróist í takt við breyttar aðstæður.

GPP

**Ábyrgðarmaður:** Gunnar Páll Pálsson **Ritstjóri:** Anna Björg Siggeirsdóttir **Umbrot og útlit:** Tómas Bolli Hafþórsson **Ljósmyndir:** Eddi, Gunnar Kristinn, Erling. **Prentun:** Oddi. **Upplag:** 23.400  
**Stjórn VR:** Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefánía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari. **Meðstjórnendur:** Benedikt Vilhjálmsson, Bjarnís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Valur M. Valtýsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir.  
**Varamenn:** Jón Hrafn Guðjónsson, Steinunn Guðmundsdóttir, Þorlákur Jóhannsson. **Stjórn Orlofskjóðs VR:** Benedikt Vilhjálmsson, Bjarnís Lárusdóttir, Margrét Sverrisdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. **Til vara:** Sigurður Sigfússon og Jóhanna S. Rúnarsdóttir. **Stjórn Sjúkrasjóðs VR:** Stefánía Magnúsdóttir formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Jón Magnússon, Gunnar Böðvarsson og Rannveig Sigurðardóttir. **Til vara:** Lykke Bjerre Larsen og Jón Hrafn Guðjónsson.

## Glatt á hjalla á uppstigningardag

Að venju var eldri félagsmönnum VR boðið í kaffi og skemmtidagskrá á Broadway á uppstigningardag. Á fimmta hundrað manns þáðu boðið, gæddu sér á veitingum, hittu gamla kunningja og hlýddu á valinkunna tónlistarmenn með Ragnar Bjarnason söngvara í broddi fylkingar. Óhætt er að segja að Ragnar hafi slegið í gegn, slíkt var lófaklappið að loknum söng hans.



## Mikill meirihluti telur kjarasamninga mikilvæga

Samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar sem gerð var meðal félagsmanna VR undir lok apríl er meirihluti félagsmanna ánægður með það fyrirkomulag sem nú er viðhaft um greiðslu styrkja, þ.e. í gegnum VR varasjóð. Í könnuninni var spurt um ýmislegt sem varðar þjónustu, kjarasamninga og samstarf innan verkalyðshreyfingarinnar. Könnunin var gerð 23. apríl til 30. apríl 2008 og var send til 2.640 félagsmanna. Svörun var 43% eða 1.141.

### Kjarasamningarnir mikilvægir

Um 70% félagsmanna telja mikilvægt að VR taki þátt í starfsemi heildarsamtaka á við ASÍ, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, og mun fleiri eða nær 90% telja kjarasamninga gegna mikilvægu hlutverki.

#### Mikilvægi kjarasamninga

Mjög mikilvægir	59%
Frekar mikilvægir	28%
Hvorki né	8%
Frekar léttvægir	2%
Mjög léttvægir	1%
Annað	1%
Alls	100%

**Spurt var um viðhorf til VR varasjóðs** en hann sameinar réttindi félagsmanna í mismunandi sjóðum í einn sjóð sem þeir geta nýtt af meira frjálsræði en áður. Um 60% segjast hafa nýtt sér inneign sína í sjóðnum og 56% voru sátt við fyrirkomulagið. Innan við tíundi hver sagðist ósáttur og mátti merkja á ummælum þátttakenda að helsta óánægjan væri sú að tekin er staðgreiðsla af greiðslum úr sjóðnum.

### Fyrirkomlag varðandi varasjóðinn

Sátt/ur við núverandi fyrirkomulag	56%
Hef ekki skoðun	30%
Myndi vilja sjá annað fyrirkomulag við greiðslu styrkja	9%
Annað	4%
Alls	100%

### Sjúkradagpeningarnir mikilvægastir

Þá var spurt um viðhorfið til helstu þjónustupátta félagsins, t.d. sjúkradagpeninga, orlofshúsa, varasjóðs, þjónustu kjarasviðs, fræðslustyrkja og launakönnunar félagsins og könnunar á Fyrirtæki ársins. Mikill meirihluti valdi sjúkradagpeninga mikilvægasta þáttinn og settu 79% þann þjónustupátt í annahvort fyrsta eða annað sæti. Varasjóður, þjónusta kjarasviðs og fræðslustyrkir komu næst á eftir. Orlofshúsin lentu í neðsta sætinu.

Að lokum var spurt um viðhorfið til VR og sögðust 76% svarenda ánægð með VR.



## ORLOFSMÁL

# Tjaldvagnar

Mörgum hentar betur að vera á faraldsfæti en að sitja kyrr í orlofshúsi í heila viku. Þá er hægt að bóka sér tjaldvagna á sama hátt og orlofshús en 20 vagnar til ráðstöfunar í sumar. Hægt er að bóka tjaldvagna í viku eða hálfan mánuð, frá fimmtudegi til miðvikudags. Ekki er hægt að bóka vagnana á netinu heldur verður að bóka þá í síma þjónustuværs 510 1700 eða á skrifstofum VR.

Tjaldvagnarnir eru afhentir að Háholti 23 í Mosfellsbæ á fimmtudögum á milli kl. 13:00 til 20:00 og skilað hreinum á sama stað á miðvikudögum milli kl. 10:00 til 16:00. Vögnunum má skila á mánudegi á milli kl. 10:00 og 16:00, ef látið er vita fyrirfram.

Vagnarnir eru af gerðinni Combi Camp, ætlaðir fyrir fjóra. Þeir eru leigðir út með fylgihlutum, þ.e. varadekki, dýnum, felliborði, fjórum stólum, gaseldunartæki fyrir 2 potta, hitaofni og gaskút. Fortjald og hælur fylgja ekki. Athugið að félagsmenn þurfa sjálfir að fylla á kútana.

Gott er að hafa með sér auk matar og hlífðarfatnaðar; spil, borðtusku og viskastykki, næg teppi, lítinn kúst, vasaljós, alla potta og pönnur og borðbúnað.

### Verð sumarið 2008

6 dagar kr. 18.500

13 dagar kr. 29.000

## Enn nokkrar lausar nætur í orlofshúsum

Útliga í orlofshúsa fyrir sumarið hefur gengið mjög vel. Opnað var fyrir bókanir í byrjun janúar sl. og bókast hefur í húsin jafnt og þétt síðan. Enn er þó lausar nætur og þá helst í byrjun sumars og eftir miðjan ágúst. Ákveðið var að hafa lágmarksgistinætur tvær en hámark tíu í húsi. Það lítur samt út fyrir að flestir sem eru að fara í orlofshús velji það að vera í viku. Fyrirkomulagið verður svona áfram, hægt að bóka 36 vikur fram í tímann og ný vika dettur inn á miðvikudegi. Laus hús er hægt að sjá á [www.vr.is](http://www.vr.is)

Gjafabréfin í sólina fóru hratt út og virðast ætla að skila sér að mestu leyti inn.

Orlofsdeild VR vonar að félagsmenn og fjölskyldur þeirra eigi ánægjulegt sumar í vændum og njóti sumarfrísins innanlands eða utan.

## VR minnir á að í síðustu kjarasamningum

Hækkaði framlag vinnuveitenda í starfsmenntasjóð úr 0,15% í 0,20% af launum félagsmanna frá 1. júní 2008.

Var stofnaður sérstakur Endurhæfingarsjóður og frá og með 1. júní 2008 greiða vinnuveitendur 0,13% af launum félagsmanna í þennan sjóð.

# Kjarasamningur við FÍS undirritaður

Skrifað hefur verið undir nýjan kjarasamning milli VR/ LÍV og FÍS (Félag íslenskra stórkaupmanna) með fyrirvara um samþykki beggja samningsaðila. Samningurinn er sambærilegur og með sama gildistíma og kjarasamningur VR/LÍV og Samtaka atvinnulífsins nema að sérstök launaþróunartrygging er fyrir það starfsfólk sem var í starfi hjá sama atvinnurekanda þann 1. október 2006.

Samningurinn verður borinn undir atkvæði félagsmanna VR/LÍV og stjórn FÍS. Verði hann samþykktur tekur hann gildi frá 1. febrúar 2008. Atkvæðagreiðsla um samninginn var rafræn hjá VR en niðurstöður kosningarinnar lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun.

## Helstu atriði samningsins

Meginmarkmið í kjarasamningum árið 2008 voru að vernda kaupmáttinn og rétta hlut þeirra lægst launuðu og þeirra sem hafa orðið eftir í því launaskriði sem stórir hópar í þjóðfélaginu hafa notið undanfarin misseri. Hér að neðan má sjá helstu atriði samningsins. Gildistími hans er frá 1. febrúar 2008 til 30. nóvember 2010 með hefðbundnu uppsagnarákvæði í byrjun næsta árs.

## Lágmarkslaun verða sem hér segir

frá 1. febrúar 2008 kr. 162.000  
frá 1. mars 2009 kr. 170.500  
frá 1. janúar 2010 kr. 190.000

## Launaþróunartrygging

Samið var um launaþróunartryggingu, sem einnig er kölluð baksýnispegill. Launaþróunartryggingin er 8,6% fyrir þá starfsmenn sem voru í starfi hjá sama launagreiðanda 1. október 2006 og eru enn í starfi. Fyrir starfsmenn sem hófu störf hjá sínum launagreiðanda frá 2. október 2006 til 1. janúar 2007 og eru enn í starfi er tryggingin 5,5% en þeir sem hófu störf hjá vinnuveitanda sínum frá 2. janúar til 30. september 2007 og eru enn í starfi fá 4,5% launaþróunartryggingu. Þann 1. mars 2009 verður launaþróunartryggingin 3,5% vegna tímabilsins febrúar 2008 til febrúar 2009, ef af framlengingu samnings verður. Á [www.vr.is](http://www.vr.is) er að finna reiknivél til að reikna út launaþróunina.

## Uppbætur hækka

Desemberuppbótin sem var í samningnum skiptist nú í desember- og orlofsuppbót, árið 2008 verður desemberuppbót kr. 50.000 og orlofsuppbót kr. 18.400.

## Almenn launahækkun

Þann 1. janúar árið 2010 verður almenn 2,5% launahækkun.

## Lengra orlof

Orlofsdögum fjölga í 30 daga hjá þeim sem hafa unnið í sama fyrirtæki í 10 ár. Þetta ákvæði kemur til framkvæmda frá og með árinu 2009 en í ár er orlofið 29 dagar hjá þessum starfsmönnum. Þeir sem hafa unnið í 5 ár hjá sama fyrirtæki fá 26 orlofsdaga í ár og 27 á næsta ári. Auk þess eiga starfsmenn rétt til 25 daga orlofs ef þeir skipta um fyrirtæki en hafa starfað í 5 ár í sömu starfsgrein.

## Laun í erlendum gjaldmiðli

Heimilt er að greiða hluta fastra mánaðarlauna í erlendum gjaldmiðli eða tengja hluta fastra mánaðarlauna við gengi erlends gjaldmiðils með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda.

## Víðtækari slysatryggingar

Slysatrygging er víðtækari í þessum samningi en þeim fyrri. Vátryggingin nær m.a. til 18 ára barna í stað 17 ára áður og nær hún nú í fyrsta skipti til „ungmenna“ á aldrinum 18-22 ára sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans. Vátryggingin gildir í ferðum á vegum atvinnurekanda innanlands og utan og nær einnig til slysa sem verða við íþróttaiðkun. Örorku- og dánarbætur hækka mikið.

## Veikindi barna

Veikindadagar vegna veikinda barna verða 12 á ári í stað 7 til 10 daga áður.

## Endurskoðunarnefnd

Samningsaðilar skipa tvo fulltrúa hvort í nefnd sem skal ákveða í byrjun febrúar 2009 hvort samningurinn verður framlengdur fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. nóvember 2010.

## Forsendur fyrir framlengingu samningsins eru

1. að kaupmáttur launa hafi haldist eða aukist á samningstímanum,
2. að verðbólga hafi farið lækkandi, þ.e. að 12 mánaða verðbólga í desember 2008 sé lægri en 5,5% og að verðbólga á 6 mánaða tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 sé innan við 3,8% á ársgrundvelli.

*Samninginn má sjá í heild sinni á [www.vr.is](http://www.vr.is)*



## KJARAMÁL

# Orlofsuppbót 2008

## Bæði hjá SA og FÍS

Orlofsuppbót er kr. 18.400 á árinu 2008 samkvæmt samningi VR og SA. Félagsmenn sem starfa samkvæmt samningi VR og FÍS eru skv. nýgerðum samningi einnig komnir með orlofsuppbót sem nemur þessari tölu kr. 18.400.- en fá greitt hlutfallslega fyrir tímabilið 1. janúar -30. apríl 2008, þar sem þeir hafa þegar fengið hluta af orlofsuppbótar greiðslu með síðustu desemberuppbót.

Orlofsuppbót er föst tala sem innheldur orlof og tekur ekki launbreytingum samkvæmt öðrum ákvæðum kjarasamnings.

### Hverjir eiga rétt á orlofsuppbót?

Þeir félagsmenn sem eru í starfi í fyrstu viku maí skulu fá greidda orlofsuppbót miðað við fullt starf en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðastliðið orlofsár. Þeir sem eru í hlutastarfi eiga að fá greidda orlofsuppbót í samræmi við starfshlutfall sitt.

Starfshlutfall miðast við fasta reglubundna vinnu.

Orlofsuppbót á að greiða þann 1. júní ár hvert og greiðist öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 á síðustu 12 mánuðum miðað við 30. apríl ár hvert eða eru í starfi fyrstu viku maí.

Áunna orlofsuppbót skal greiða út við starfslok.

## KJARAMÁL

# Réttindi barna og unglunga á vinnumarkaði

Þar sem margir krakkar stíga þetta sumarið sín fyrstu spor á vinnumarkaðinum viljum við minna á eftirfarandi atriði:

Börn yngri en 13 ára mega ekki vinna langan vinnutíma á hverjum degi og aðeins mjög létt störf, svo sem við menningu, listir og íþróttaviðburði.

13-14 ára unglingar mega vinna létt og hættulaus störf svo sem þjónustustörf. Skv. reglugerð nr. 426/1999 mega 13 – 14 ára einungis vinna létt störf í verslunum og sérstaklega er tekið fram að afgangi á kassa sé ekki heimil.

15-17 ára unglingar mega vinna flest störf nema þau sem teljast hættuleg eða líkamlega mjög erfið. Þeir mega þó ekki vinna með hættuleg efni eða vélar.

Öll vinna barna og unglunga undir 18 ára aldri skal fara fram undir eftirliti einstaklings sem er orðinn 18 ára.

Nánari upplýsingar er að finna í reglugerð um vinnu barna og unglunga en hana er hægt að nálgast á [www.vr.is](http://www.vr.is). Einnig er hægt að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700.

## Vinnutími barna og unglunga

	Börn 13-14 ára	Börn 15 ára í skyldunámi	Unglingar 15-17 ára
Á starfstíma skóla	2 klst. á dag 12 klst. á viku	2 klst. á dag 12 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
Útan starfstíma skóla	7 klst. á dag 35 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
Vinna bönnuð	kl. 20-6	kl. 20-6	kl. 22-6
Hvíld	14 klst. á sólarhr. 2 dagar á viku	14 klst. á sólarhr. 2 dagar á viku	12 klst. á sólarhr. 2 dagar á viku



DÓMUR

# Office One málið fyrir Hæstarétt

Dómi Héraðsdóms Reykjaness, þar sem félagsmanni VR var gert að greiða 1,3 milljónir í sekt fyrir að brjóta gegn ráðningarsamningi, verður áfrýjað til Hæstarétts. Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR, segir niðurstöðu dómsins mikil vonbrigði.

Félagsmaðurinn réði sig sem sölumaður í heildsölu og skrifaði þá undir samkeppnishindrandi ákvæði í ráðningarsamningi. Við starfslok var hann orðinn rekstrarstjóri í ritfangaversluninni Office One sem þá var komin í eigu Egilsson hf. Hann hætti svo störfum eftir nokkurn tíma og réð sig sem deildarstjóri verslunarsviðs hjá annarri ritfangaverslun, A4.

Egilsson hf., fyrri vinnuveitandi félagsmannsins, sætti sig ekki við það og sagði að í ráðningarsamningi mannsins væri ákvæði um að hann mætti ekki starfa hjá samkeppnisaðila í tvö ár eftir starfslok að viðlögðum dagsektum sem næmu 10% af mánaðarlaunum. Hann gerði kröfu um 29,2 milljónir króna í bætur. Niðurstaðan var félagsmanninum í óhag. Dómurinn dæmdi bætur að álitum og miðaði við kaup mannsins þegar hann hóf störf. Bætur voru taldar hæfilega metnar 1.300.000 krónur.

Guðmundur B. Ólafsson lögmaður rak málið fyrir hönd VR. Hann er ósammála niðurstöðu dómsins og gerir athugasemdir við hann. „Dómurinn horfði algerlega

framhjá þeirri staðreynd að starfsemi fyrirtækisins breyttist mjög á þeim tíma sem um ræðir. Starfsmaðurinn ræður sig sem sölumann í heildsölu þar sem hann skrifar undir ráðningarsamning sem felur í sér samkeppnishindrandi ákvæði. Undir lokin hefur atvinnurekandinn farið út í verslunarrekstur og er ákvæðið í ráðningarsamningnum því orðið allt annað og mun meira íþyngjandi en þegar skrifað var undir. Dómurinn telur engu að síður að ákvæðið haldi gildi sínu þrátt fyrir þessar breytingar, og í raun að það hafi viðtækara gildi en gert var ráð fyrir í upphafi. Þessu er ég ósammála enda ber að túlka íþyngjandi ákvæði sem þessi mjög þröngt.“

Guðmundur segir að við túlkun á ákvæði sem þessu beri að líta til hagsmuna aðila við að ákvæðið haldi. Vinnuveitandi hafi ekki skýrt frá því hvaða hagsmuni það hefði af því að ákvæði samningsins héldi. „Fyrir dómi gat forsvarsmaður fyrirtækisins ekki nefnt eitt einasta atriði sem hann var að vernda með þessu enda bjó starfsmaðurinn ekki yfir neinum upplýsingum sem ekki voru kunnar á markaðinum. Allir starfsmenn fyrirtækisins voru látnir skrifa undir slíkan ráðningarsamning sem var bara gerður til að takmarka atvinnutækifæri starfsmanna.“

Guðmundur segir að niðurstaðan sé að auki í ósamræmi við niðurstöður sambærilegra mála. Niðurstöðu dómsins verður áfrýjað til Hæstaréttar.



# Hvað gerir VR fyrir þig?

## Réttindi

VR gerir kjarasamninga sem tryggja grunnréttindi.

VR veitir lögfræðipjónustu og aðstoð við gerð ráðningarsamninga, útreikning launa, innheimtu launakrafna, túlkun kjarasamninga o.fl.

VR gerir árlega kannanir á launum og aðbúnaði á vinnustöðum.

VR stendur fyrir auglýsingaferðum til að tryggja mannréttindi á vinnumarkaði.

VR veitir styrki til náms.

VR býður orlofshús og tjaldvagna til leigu.

## Öryggi

VR stuðlar að afkomuöryggi vegna sjúkdóma og slysa

VR greiðir sjúkra- og slysdagpeninga, 80% af launum í allt að níu mánuði.

VR greiðir dagpeninga vegna veikinda barna, 80% af launum í allt að níu mánuði.

VR greiðir slysa-, dánar og örorkubætur vegna barna að 16 ára aldri.

VR greiir örorkubætur vegna slyss í frítíma, allt að rúmlega 17 milljónum króna.

VR greiðir dánarbætur.

## Varasjóður

Þú getur nýtt VR varasjóð

Til endurmenntunar eða námsorlofs.

Til forvarna eða endurhæfingar.

Til orlofs, s.s. til ferðalga eða í orlofshús VR.

Til að kaupa líf-, slysa- eða sjúkdómatryggingar.

Til að mæta stærri áföllum í lífinu, s.s. atvinnuleysi eða heilsubrest.

Til að auðvelda starfslok.

# FYRIRTÆKI ÁRSINS 2008

**Fjarhitun hf.** og **Vélfang ehf.** eru Fyrirtæki ársins 2008 samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar VR, það fyrrnefnda í hópi stærri fyrirtækja en það síðarnefnda í hópi minni fyrirtækja. **Prek ehf.** og **EC hugbúnaður ehf.** fá viðurkenningu fyrir að bæta starfskjör mest á milli ára. Yfir tíu þúsund starfsmenn á almennum vinnumarkaði tóku þátt í könnuninni.



# FYRIRTÆKI ÁRSINS 2008 [STÆRRI FYRIRTÆKI]

Meðaltal	Heildareinkunn	Trúverðuleiki stjórnenda	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsæði í starfi	Ímynd og stolt af fyrirtæki	Starfsandi	Svarhlutfall
1. Fjarhitun hf.*	4.494	87	82	93	95	77	87	86	65%
2.-3. Línuhönnun hf.*	4.414	86	78	65	92	70	88	87	81%
2.-3. Logos sf.*	4.414	84	91	91	66	34	92	69	75%
4. Kraftvélur ehf.	4.377	92	88	70	50	54	73	72	73%
5. Fosshótel ehf.	4.365	85	80	75	86	74	55	85	56%
6. Háskólinn í Reykjavík	4.356	84	65	52	73	71	93	88	43%
7. Raftæikning hf.*	4.319	78	74	73	85	40	83	76	74%
8. Össur hf.	4.315	74	66	58	78	77	96	80	47%
9. PricewaterhouseCoopers ehf.*	4.276	70	59	77	76	38	85	80	58%
10. Íslenskir aðalverktakar	4.273	58	55	90	63	91	74	84	43%
11. Prek ehf. (World Class)	4.263	80	79	47	22	93	83	73	57%
12. Icepharma*	4.256	70	69	88	82	65	49	61	66%
13. VGK-Hönnun	4.254	68	61	61	87	63	84	68	56%
14. Verkfræðist. Sigurðar Thoroddsen*	4.249	71	58	74	85	34	72	73	62%
15. Maritech ehf.*	4.248	79	81	27	97	53	49	82	74%
16. Sjóvá*	4.233	82	69	79	44	56	37	75	73%
17. Applicon*	4.222	66	84	57	93	32	52	71	85%
18. CCP*	4.220	77	55	26	88	42	79	78	52%
19. Íslensk-ameríska verslunarfél. ehf.	4.214	64	47	85	68	77	68	61	45%
20. Deloitte hf.*	4.211	68	57	62	81	27	77	70	59%
21. Og fjarskipti hf. (Vodafone)*	4.205	71	65	64	61	60	60	69	49%
22. TM Software*	4.177	65	68	60	89	32	42	74	66%
23. Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.	4.177	72	67	27	54	71	81	56	39%
24. Intrum á Íslandi ehf.	4.157	81	68	38	74	64	20	67	49%
25. Vistor hf.*	4.154	72	42	49	69	52	50	76	70%
26. Bifreiðar og landbúnaðarvélur hf.*	4.145	73	67	37	41	62	57	60	49%
27. Sorpa	4.138	73	69	71	13	66	39	65	48%
28. Öryggismiðstöð Íslands hf.	4.135	77	73	6	56	64	51	92	46%
29. Skýrr*	4.121	55	62	36	85	23	53	70	70%
30. Hugurax*	4.107	57	57	57	83	43	36	45	44%
31. Opin kerfi ehf.	4.105	62	49	26	67	54	69	63	44%
32. Nýherji hf.	4.082	46	46	49	79	55	53	61	52%
33. BM Vallá ehf.	4.077	48	65	58	48	57	56	41	52%
34. Parlogis hf.*	4.074	56	43	55	47	68	38	57	54%
35. Höldur ehf.	4.067	61	48	36	17	42	84	43	43%
36. Distica*	4.065	57	56	58	21	48	57	44	67%
37. KPMG hf.*	4.054	40	50	47	77	12	73	53	64%
38. EJS hf.*	4.052	57	56	21	47	23	66	57	50%
39. Ólíuverzlun Íslands hf.	4.043	49	44	57	61	70	33	48	36%
40. Árdegi ehf.*	4.038	62	42	42	38	47	27	77	58%
41. Creditinfo Ísland	4.032	54	74	11	60	57	50	49	49%
42. Íslandspóstur hf.	4.032	68	26	48	76	46	14	63	55%
43. Iceland travel*	4.031	45	25	73	56	43	51	52	72%
44. Iceland Express	4.031	42	29	70	80	55	42	47	46%
45. Actavis	4.020	44	39	43	64	21	56	60	51%

[\*Allir starfsmenn þessara fyrirtækja, án tillits til stéttarfélagsaðildar, fengu senda könnun VR á Fyrirtæki ársins.]

Meðaltal	Heildareinkunn	Trúverðuleiki stjórnenda	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsæði í starfi	Ímynd og stolt af fyrirtæki	Starfsandi	Svarhlutfall
46. Vátryggingafélag Íslands hf.*	3.995	49	35	66	26	58	34	41	56%
47. Brimborg ehf.	3.986	50	59	32	20	33	41	49	42%
48. ISS Ísland ehf.	3.982	49	33	33	72	33	31	40	56%
49. Johan Rönnung hf.*	3.972	51	51	42	11	36	46	38	52%
50. Vífilfell hf.	3.960	44	35	35	47	69	38	33	37%
51. Radisson SAS	3.946	60	20	10	31	44	43	68	39%
52. Aðföng*	3.944	45	75	59	29	28	23	23	46%
53. N1	3.928	42	37	50	43	40	22	38	50%
54. Tryggingamiðstöðin hf.*	3.903	43	47	21	28	15	33	58	56%
55. Arion verðbréfavarsla hf.	3.902	67	42	5	44	18	22	36	48%
56. Innnes ehf.*	3.890	29	54	39	35	51	54	16	52%
57. Penninn ehf.*	3.877	41	26	16	30	40	45	45	58%
58. Toyota Kópavogi*	3.871	34	37	20	7	28	79	29	50%
59. Securitas hf.	3.862	31	43	17	40	24	44	47	63%
60. Bernhard ehf.	3.830	22	58	45	17	78	59	5	38%
61. Íslensk erfðagreining	3.829	26	14	82	68	19	10	30	37%
62. Skeljungur hf.	3.824	32	44	56	14	65	6	34	55%
63. Norvik	3.817	35	12	52	16	52	37	12	54%
64. Marel hf.	3.806	21	21	25	71	14	73	12	55%
65. Frumherji hf.	3.794	30	21	18	14	88	28	36	43%
66. Fjárvakur ehf.	3.774	27	8	12	52	43	26	49	45%
67. Borgun	3.758	32	8	16	40	26	27	27	39%
68. Núi Sírus hf.	3.742	16	4	30	41	53	56	24	47%
69. Húsa-smíðjan-Blómaval	3.742	26	18	19	20	30	18	45	35%
70. Árvakur hf. (Morgunblaðið)	3.733	16	25	28	16	51	35	27	38%
71. Eimskipafélag Íslands hf.	3.728	22	24	28	23	24	21	28	41%
72. Flugfélag Íslands hf.	3.722	25	9	14	34	37	30	28	48%
73. Ferðaskrifstofa Íslands hf.	3.709	20	3	29	19	41	35	34	37%
74. 365 miðlar hf.*	3.688	24	37	5	31	56	6	52	37%
75. Air Atlanta	3.687	18	15	22	71	37	12	16	39%
76. Mest ehf.	3.677	19	24	38	36	7	7	27	39%
77. Kynnisferðir ehf.	3.666	15	23	19	15	44	19	33	45%
78. Lyf og heilsa*	3.664	21	10	29	5	32	12	42	55%
79. Sjóklæðagerðin	3.639	17	18	7	10	15	47	16	44%
80. Hagkaup	3.629	23	9	15	8	23	19	22	60%
81. Icelandair ehf.	3.627	15	3	34	18	21	16	31	-
82. Lyfja hf.	3.616	18	5	12	6	24	20	50	-
83. Rúmfatalagerinn ehf.*	3.552	14	19	12	9	20	7	25	-
84. Miklartorg hf. (IKEA)	3.545	13	11	30	13	30	8	5	-
85. Hekla hf.*	3.527	10	20	7	23	13	7	20	-
86. Ekran ehf.*	3.500	6	10	59	37	29	5	7	-
87. Sláturfélag Suðurlands svf.	3.480	6	5	13	39	33	15	17	-
88. Bílabúð Benna	3.421	9	13	9	9	12	4	8	-
89. IP-fjarskipti ehf. (HIVE)	3.390	8	23	4	28	19	2	11	-
90. Flugleiðir - Frakt ehf.	3.335	3	2	32	62	6	15	4	-

Hér má sjá lista yfir Fyrirtæki ársins 2008 í hópi stærri fyrirtækja en á næstu opnu er birtur listi minni fyrirtækja. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu listanna. Fyrst ber að nefna að heildareinkunnir fyrirtækja eru nú birtar með þremur aukastöfum en ástæðan er sú að mjög mjótt var á munum milli efstu fyrirtækjanna. Þá var tekin sú ákvörðun að birta ekki vikmörk þar sem svörin í könnuninni byggir á þýði en ekki úrtaki; allir félagsmenn VR höfðu tækifæri til að taka þátt sem og allir starfsmenn í þeim fyrirtækjum þar sem öllum stóð til boða að taka þátt. Markmiðið er ekki að

alhæfa niðurstöður svarenda yfir á þýði og því ekki þörf á vikmörkum. Og að lokum viljum við benda á að þáttum hefur fækkað úr 8 í 7. Þáttagreining sýndi að þátturinn „Álag og kröfur“ dettur út en allar spurningarnar nema ein sem féllu undir þann þátt tilheyra nú þættinum „Sveigjanleiki vinnu“. Eins hefur vægi þátta breyst á milli ára sem er eðlilegt þar sem breyttar áherslur í atvinnulífinu endurspeglast í því hvað skiptir starfsmenn mestu máli á hverjum tíma. Vægi þáttanna er þannig reiknað út frá svörum þátttakenda sjálfra.



Svarhlutfall		Heildareinkunn	Trúverðuleiki stjórnenda	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd og stolt af fyrirtæki	Starfsandi	Svarhlutfall
44%	135. Rolf Johansen & Co ehf.	3.909	23	46	26	89	80	58	19	56%
36%	136. Momentum ehf.	3.906	24	63	8	83	67	23	84	80%
44%	137. Bananar ehf.	3.898	36	39	4	52	63	46	76	53%
75%	138. Terra Nova Sól ehf.	3.895	33	36	24	32	41	40	55	38%
58%	139. Ó. Johnson & Kaaber ehf.	3.895	27	24	60	67	18	43	28	43%
75%	140. Heimilislæknastöðin Lág múla	3.893	34	77	18	46	95	17	24	80%
60%	141. Miðbúðin (Pín verslun)	3.892	40	31	50	3	69	75	12	38%
79%	142. Arctic Trucks Ísland ehf.*	3.886	42	33	44	30	6	64	11	67%
57%	143. Enn Emm auglýsingastofa	3.884	29	17	84	30	29	28	36	44%
46%	144. Bros auglýsingavörur ehf.	3.877	37	12	96	8	36	48	6	73%
47%	145. A. Karlsson hf.*	3.876	35	51	18	44	45	29	37	47%
60%	146. Heimsferðir ehf.	3.876	45	14	68	19	49	20	25	59%
67%	147. Kjarnavörur hf.	3.876	19	58	43	64	96	30	15	50%
72%	148. Trackwell-Stefja*	3.875	38	36	14	79	5	21	67	61%
50%	149. Hexa ehf.	3.866	46	29	17	26	86	14	47	64%
71%	150. Danfoss hf.	3.859	25	53	73	35	66	61	3	70%
48%	151. Dansrækt J.S.B.	3.841	21	53	53	15	26	51	26	50%
36%	152. Málning hf.	3.833	17	23	63	42	82	39	21	50%
70%	153. Hátækni ehf.*	3.828	30	33	10	51	10	49	42	58%
100%	154. Heimur hf.	3.825	7	34	66	91	10	76	24	57%
42%	155. Bandalag íslenskra skáta	3.810	23	50	46	77	17	14	19	80%
46%	156. Læknasetrið ehf.	3.808	23	43	30	32	85	31	14	41%
62%	157. Amarel ehf.*	3.802	28	48	40	68	31	16	8	56%
50%	158. Latibær	3.796	10	40	31	48	5	62	54	42%
100%	159. Hæddrætti Háskóla Íslands	3.785	33	14	45	23	37	24	15	43%
100%	160. Snæland Grímsson ehf.	3.775	12	21	17	59	82	65	19	80%
46%	161. 1912 ehf.*	3.759	17	12	42	32	30	26	44	82%
57%	162. Tískuhús Zik Zak	3.741	14	17	24	2	59	65	81	42%
100%	163. Lystadún - Marco	3.737	26	11	6	29	52	11	89	44%
60%	164. Te og kaffi	3.728	31	44	6	3	6	41	33	44%
70%	165. Tryggingar og ráðgjöf ehf.	3.719	28	41	31	80	2	8	9	50%
67%	166. Medis	3.707	15	15	16	46	30	14	65	70%
57%	167. Dreifing ehf.	3.688	36	19	4	60	31	5	22	54%
71%	168. Svefn og heilsa	3.684	6	22	22	41	59	71	19	44%
36%	169. Ál nabær	3.675	13	6	77	4	39	17	30	44%
41%	170. Lyfjaval	3.672	11	17	72	1	10	32	48	36%
35%	171. Atlantsskip ehf.*	3.654	14	9	60	37	16	6	26	95%
67%	172. Jóhann Ólafsson og Co ehf.	3.618	11	32	25	20	21	9	21	52%
61%	173. Office 1	3.607	8	8	32	45	20	11	29	43%
54%	174. H:N markaðssamskipti	3.606	16	6	14	42	10	8	32	56%
53%	175. D3	3.603	12	45	23	38	53	2	23	43%
44%	176. Edda útgáfa	3.603	9	19	49	39	14	16	6	34%
50%	177. Reykjafell hf.	3.601	20	17	2	3	14	43	37	45%
88%	178. Kaupfélag Vestur Húnv.	3.591	9	4	45	31	26	23	11	64%
43%	179. Móðins ehf. (Blend verslanir)	3.581	10	41	51	2	4	21	13	40%
56%	180. Götusmiðjan ehf.	3.574	19	7	15	7	49	10	19	50%
70%	181. Neyðarlínan hf.	3.562	8	2	31	4	8	76	19	52%
63%	182. Mecca Spa ehf.	3.548	18	7	9	2	35	18	23	43%
57%	183. Samskipti ehf.*	3.547	12	13	8	10	35	17	14	63%
65%	184. Hópfæðamiðstöðin	3.538	11	46	3	24	4	13	19	86%
45%	185. Sendiráð Bandaríkjanna*	3.529	29	15	5	10	18	5	5	49%
55%	186. Félag vélstj. og málmteknim.*	3.502	28	5	9	70	2	3	7	100%
73%	187. Álfaborg ehf.	3.472	7	31	2	6	35	23	10	38%
88%	188. Ræsir hf.	3.470	5	17	62	22	10	9	3	39%
74%	189. Fold-fasteignasala ehf.	3.466	7	22	1	9	8	48	19	80%
57%	190. Kraftur hf.	3.385	5	17	18	22	4	14	2	44%
57%	191. Atlantsólía	3.379	5	10	11	34	9	10	3	75%
73%	192. Guðmundur Arason ehf.*	3.373	4	11	3	12	26	28	7	-
50%	193. The Pier	3.365	4	34	9	27	2	9	13	-
74%	194. Gunnars Majones hf.	3.309	2	4	36	6	47	4	64	-
53%	195. Lifland	3.286	4	7	13	12	3	12	4	-
71%	196. Hegas ehf.	3.138	3	3	7	8	2	19	4	-
36%	197. Mata ehf.	3.129	3	41	3	4	17	3	1	-
50%	198. Icelandic Group hf.	2.843	1	1	69	36	1	1	36	-
66%	199. Rún heildverslun	2.836	2	2	10	12	3	2	2	-
56%	200. Mjólka ehf.	2.816	2	5	2	5	1	3	1	-
67%	201. K. Richter	2.432	1	1	1	1	6	1	2	-

Alls fengu um 19 þúsund félagsmenn VR sendan spurningalista í könnun á Fyrirtæki ársins 2008 auk um 4.500 annarra starfsmanna í eitt hundrad fyrirtækjum en forsvarsmenn þeirra buðu öllum starfsmönnum þátttöku, óháð því í hvaða stéttarfélagi þeir voru. Þessi fyrirtæki eru merkt með \* í listanum.

Capacent sá um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. Svarhlutfall var 42%. Níu af hverjum tíu svörum voru rafræn og var svörin á netinu mun betri en hjá þeim sem svöruðu prentuðum eintökum eða 57%. Þrír af hverjum fjórum fengu senda rafræna könnun en fjórðungur fékk senda könnun á pappírformi. Það er í samræmi við þróun síðustu ára. Hafa verður í huga að þetta er svörin úr þýði þar sem allir félagsmenn höfðu tækifæri til að svara, að því tilskyldu að þeir hefðu greitt lágmarksfélagsgjald á tólf mánaða tímabili, frá október 2006 til september 2007. Haft var samband við alla félagsmenn og þeim boðin þátttaka, annaðhvort með því að taka könnunina rafrænt eða fá sent heim spurningaeyðublað sem þeir póstsendu til Capacent.

Fyrirtækjum í könnun VR á fyrirtæki ársins er skipt í tvo hópa, stærri fyrirtæki þar sem starfa 50 eða fleiri starfsmenn og minni fyrirtæki en þar eru starfsmenn 49 talsins eða færri. Lágmarkssvarhlutfall var 35% eða fjórir starfsmenn hjá minni fyrirtækjum og tíu hjá þeim stærri. Svarhlutfall hjá fyrirtækjum í tíu neðstu sætunum er ekki birt en þessi fyrirtæki uppfylla þó öll skilyrði um lágmarkssvörin. Niðurstöðum könnunarinnar er skipt í sjö lykilþætti: trúverðuleika stjórnenda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd og stolt af fyrirtæki og starfsanda. Hverjum þætti er gefin einkunn á bilinu einn til fimm og saman mynda þær niðurstöður heildareinkunn fyrirtækisins.

Niðurstöðurnar fyrir lykilþættina eru hins vegar birtar sem raðtölur, þ.e. frá 1 og upp í 100 og sýna þær hvar fyrirtæki stendur á viðkomandi þætti í samanburði við hin fyrirtækin. Ef tiltekið fyrirtæki er með raðeinkunnina 63 fyrir þáttinn launakjör eru 62% fyrirtækja með lægri einkunn fyrir þann þátt en 37% fyrirtækja með hærri einkunn. Raðeinkunnir byggja á heildarlista allra fyrirtækja. Heildareinkunnir að meðaltali hafa hækkad frá því í fyrra, hjá stærri fyrirtækjum er meðaltalið 3,96 en var 3,87 á síðasta ári. Hjá minni fyrirtækjum er meðaltalseinkunnin 4,05 en var í fyrra 3,94.

Í þessu VR blaði eru birtir tveir listar, listi yfir stærri fyrirtæki og listi yfir minni fyrirtæki. Á heimasíðu VR, www.vr.is, má að auki sjá samanburðarlista síðustu ára og frekari umfjöllun um niðurstöðurnar, framkvæmdina og hugmyndafræðina.

VR tók ekki sæti á lista yfir fyrirtæki ársins 2008. Heildareinkunn félagsins var 4,526 en einkunnir fyrir staka þætti sem hér segir: trúverðuleiki stjórnenda 85, launakjör 95, vinnuskilyrði 98, sveigjanleiki 89, sjálfstæði í starfi 89, ímynd og stolt 95 og starfsandi 64.

## Hörð barátta um efstu sætin

Baráttan um efstu sætin var tvísýnni nú en nokkru sinni fyrr og þurfti að gípa til þess ráðs, í fyrsta sinn frá því Fyrirtæki ársins var fyrst valið, að birta einkunnir með þremur aukastöfum. Í hópi stærri fyrirtækja var **Fjarhitun hf.** valið Fyrirtæki ársins en það vermdi annað sætið í fyrra. Fjarhitun fékk 4,494 í einkunn en meðaltalið meðal stærri fyrirtækja var 3,964. Allir starfsmenn fyrirtækisins fengu tækifæri til að taka þátt í könnuninni en það vekur athygli að hið sama má segja um öll fyrirtækin í þremur efstu sætunum meðal stóru fyrirtækjanna. Fjarhitun fékk hæstu raðeinkunnir fyrir þættina sveigjanleiki í vinnu og vinnuskilyrði, 95 og 93 af 100 mögulegum, en sú lakasta var fyrir launakjör eða 82.

### Tveir deila með sér öðru sæti stærri fyrirtækja

Tvö fyrirtæki voru hnífjöfn í annað sætið með 4,414 í einkunn: **Línuhönnun hf.** og **Logos sf.** Línuhönnun fékk hæstu raðeinkunn fyrir sveigjanleika í vinnu, ímynd og stolt af fyrirtæki og starfsanda. Vinnuskilyrðin voru lakasti þátturinn. Logos skoraði hátt fyrir stolt af fyrirtæki, launakjör og vinnuskilyrði. Raðeinkunn fyrir sjálfstæði í starfi var hins vegar lökust.

### Munaði hársbreidd á fyrstu þremur sætunum

Í ár var baráttan um fyrsta sætið meðal minni fyrirtækja mjög hörð. Einkunnir allra fyrirtækja í þremur efstu sætunum voru því sem næst jafnar og munaði aðeins 0,005 á fyrsta og þriðja sæti. En niðurstaðan er engu að síður ótvíræð, **Vélfang ehf.** er í fyrsta sætinu með einkunnina 4,840, **Gróco ehf.** í öðru sæti með 4,838 og **Miracle ehf.** í því þriðja með 4,835. Þetta er annað árið í röð sem Vélfang sigrar. Fyrirtækið fékk fullt hús stiga fyrir þáttinn launakjör eða 100 stig og 99 stig fyrir þrjá aðra þætti; starfsanda, vinnuskilyrði og trúverðugleika stjórnenda.

Gróco fékk 100 stig fyrir tvo af þáttunum sjö; trúverðugleika stjórnenda annars vegar og ímynd og stolt af fyrirtæki hins vegar. Lakasta einkunnin var 90 fyrir sjálfstæði í starfi. Miracle fékk einnig 100 fyrir tvo þætti; trúverðugleika stjórnenda og sveigjanleika í vinnu. Vinnuskilyrðin fengu lægstu einkunn eða 91.





## Hástökkvararnir

**Brek ehf. (World Class)** er hástökkvarinn í hópi stærri fyrirtækja með heildareinkunnina 4,26 og 11. sætið á listanum. Árið 2007 var Brek í 90. sæti með 3,68 í einkunn og hefur því færst upp um 79 sæti. En raðeinkunnir segja meira til um breytinguna en stökk upp um sæti því á milli ára eru alltaf töluverðar breytingar á fjölda fyrirtækja, þeim ýmist fjölga eða fækka. Raðeinkunnir byggja á heildarlista allra fyrirtækja, stærri sem minni, og er hæsta einkunn 100. Árið 2007 var Brek með 23 í raðeinkunn fyrir alla þætti sameiginlega sem þýðir að einungis 22% fyrirtækja voru með lægri einkunn eða að þrír af hverjum fjórum voru með hærri einkunn. Árið 2008 er Brek með 78 í raðeinkunn og þar með komið í hóp með þeim hæstu og jafnframt inn á lista Fyrirmyndarfyrirtækja 2008 en tuttugu efstu fyrirtækin í hvorum flokki fá þá nafnbót. Stökkið er 55 stig sem er með því mesta sem við höfum séð hjá stórum fyrirtækjum. Allar raðeinkunnir hækka mikið, t.d. hækkar raðeinkunn fyrir trúverðuleika stjórnenda úr 32 árið 2007 í 80 í ár, raðeinkunn fyrir stolt og ímynd hækkar úr 43 í 83 og raðeinkunn fyrir sveigjanleika vinnu hækkar úr 2 árið 2007 í 22 í ár.

Í hópi smærri fyrirtækja er **EC hugbúnaður ehf.** hástökkvarinn með 4,25 og 56. sæti á listanum í ár samanborið við 3,21 og eitt af allra neðstu sætunum, 253. sæti, árið 2007. Fyrirtækið hefur því færst upp um tæplega 200 sæti á listanum. Ef litið er til raðeinkunna má sjá gríðarlega mikinn árangur, raðeinkunn EC hugbúnaðar árið 2007 var 3 en er núna 77 og hækkar fyrirtækið sig því um 74 stig á milli ára sem er eitt það mesta frá upphafi Fyrirtækis ársins. Raðeinkunnir fyrir einstaka þætti hækka gríðarlega mikið, t.d. hækkar einkunn fyrir trúverðuleika stjórnenda úr 10 árið 2007 í 96 í ár, einkunn fyrir starfsanda hækkar úr 10 í 80 í ár og einkunn fyrir launakjör hækkar úr 39 í 86 svo eitthvað sé nefnt.

## Hvar er best að vinna?

Fyrirtæki í fjármálagæiranum, tölvuþjónustu og annarri þjónustu hafa undanfarin ár vermt efstu sætin í Fyrirtæki ársins og er engin breyting þar á þetta árið. Þegar litið er yfir þróunina síðustu fjögur ár má sjá að mesta breytingin hefur orðið í samgöngugeiranum. Heildareinkunn fyrirtækja að meðaltali í þeirri atvinnugrein hefur hækkað um tæp 6% á meðan einkunn fyrirtækja í iðnaði hefur hækkað um tæplega 1%. Hér má sjá þróunina síðustu ár og breytingu á milli árána 2005 og 2008.

	2008	2007	2006	2005	Breyting 2005-08
Ýmis þjónusta og starfsemi samtaka og fél.	4,17	3,98	4,00	3,96	5,3%
Fjármál, tölvuþjónusta og önnur sérhæfð þjónusta	4,12	4,07	4,06	3,98	3,5%
Heildsala (umboðssala) og bílasala	3,94	3,97	3,96	3,88	1,5%
Iðnaður	3,91	3,86	3,86	3,88	0,8%
Samgöngur, flutningar og ferðaþjónusta	3,86	3,76	3,71	3,65	5,8%
Verslun og þjónusta	3,84	3,78	3,76	3,71	3,5%

## FYRIRTÆKI ÁRSINS 2008 [SIGURVEGARAR STÆRRI FYRIRTÆKI]



### 1. SÆTI FJARHITUN HF.

Einkunn: 4,494

Fjöldi starfsmanna: 56

Verksvið: Ráðgjafarþjónusta á sviði byggingar- og vélaverkfræði auk umhverfis- og þéttbýlistækni

[www.fjarhitun.is](http://www.fjarhitun.is)

### 2. - 3. SÆTI LÍNUHÖNNUN HF.

Einkunn: 4,414

Fjöldi starfsmanna: 135

Verksvið: Alhliða verkfræði- og ráðgjafarfirmakerfi

[www.linuhonnun.is](http://www.linuhonnun.is)

### 2. - 3. SÆTI LOGOS SF.

Einkunn: 4,414

Fjöldi starfsmanna: 72

Verksvið: Alhliða lögmansþjónusta fyrir viðskiptalífið í Reykjavík, London og Kaupmannahöfn

[www.logos.is](http://www.logos.is)

## FYRIRTÆKI Í 4. TIL 20. SÆTI [FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI]

KRAFTVÉLAR EHF - FOSSHÓTEL EHF. - HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK - RAFTEIKNING HF. - ÖSSUR HF.  
PRICEWATERHOUSECOOPERS EHF. - ÍSLENSKIR AÐALVERKTAKAR - ÞREK EHF. (WORLD CLASS) - ICEPHARMA  
VGK-HÖNNUN - VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THORODDSEN - MARITECH EHF. - SJÓVÁ - APPLICON - CCP  
ÍSLENSK-AMERÍSKA VERSLUNARFÉLAGIÐ EHF. - DELOITTE HF.



# FYRIRTÆKI ÁRSINS 2008 [SIGURVEGARAR MINNI FYRIRTÆKI]



## 1. SÆTI VÉLFANG EHF.

Einkunn: 4,840

Fjöldi starfsmanna: 8

Verksvið: Sala og þjónusta véla og tækja fyrir landbúnað, vélavertaka, golfvelli og sveitarfélög

[www.velfang.is](http://www.velfang.is)

## 2. SÆTI GRÓCO EHF.

Einkunn: 4,838

Fjöldi starfsmanna: 9

Verksvið: Sérhæfing í sölu á tækjum og rekstrarvöru fyrir rannsóknarstofur, búnaði til framleiðslu- og gæðastýringar sem og mengunarmælinga

[www.groco.is](http://www.groco.is)

## 3. SÆTI MIRACLE EHF.

Einkunn: 4,835

Fjöldi starfsmanna: 14

Verksvið: Upplýsingatækni með áherslu á þjónustu við gagnagrunna, vöruhús gagna, stýrikerfi, hugbúnað og leyfismál

[www.miracle.is](http://www.miracle.is)

## FYRIRTÆKI Í 4. TIL 20. SÆTI [FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI]

VINNUFÖT EHF. - SERVIDA EHF. - MICROSOFT ÍSLANDI\* - ALSKIL HF. - BIRTINGAHÚSIÐ - SENSE - FASTUS EHF.  
DK HUGBÚNAÐUR EHF. - SIGURBORG EHF. - JÁRN OG GLER EHF. - TEYMI HF. - VSB VERKFRÆÐISTOFA  
AUGLÝSINGAMIÐLUN EHF. - ANNATA HF. - FÁLKINN HF. - SKATTUR OG BÓKHULD EHF. - HVÍTA HÚSIÐ EHF.

## Heildareinkunn hækkar um rúm 6% á sex árum

Heildareinkunn í könnun VR á fyrirtæki ársins hefur hækkað jafnt og þétt síðustu ár, úr 3,75 að meðaltali árið 2002 í 3,99 í ár eða um rúm 6% á þessum tíma. Könnunin byggir á einkunnum fyrir nokkra lykilþætti í rekstri fyrirtækja og hafa einkunnir fyrir þá einnig hækkað, mismikið þó. Hæsta einkunn er 5.

Mesta hækkunin er fyrir þáttinn trúverðugleiki stjórnenda en einkunn fyrir hann er að meðaltali 3,95 í ár en var 3,5 árið 2002. Þetta er hækkun upp á 13%. Fleiri eru sáttir við launin sín núna en árið 2002, einkunn fyrir launakjör hefur hækkað um 7,9% á tímabilinu sem kemur ekki á óvart miðað við það mikla launaskrið sem félagsmenn VR hafa notið undanfarin ár.

Hér má sjá hversu mikið einkunnir fyrir lykilþættina sem spurt er um í könnun VR á fyrirtæki ársins hafa hækkað frá árinu 2002. Athugið að hér er miðað við alla svarendur, hvort sem fyrirtækin sem þeir starfa hjá náðu inn á lista yfir Fyrirtæki ársins eða ekki.

Nánari upplýsingar um þættina og vægi þeirra í heildareinkunn eru á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) og má þar sjá einkunnir fyrir hvert ár fyrir sig frá 2002 til 2008. Þar eru jafnframt upplýsingar um hugmyndafræði könnunarinnar og framkvæmd.

Þættir*	2008	2002	Hlutfallsleg hækkun frá 2002 - 2008
Trúverðugleiki stjórnenda	3,95	3,50	13%
Launakjör	3,40	3,15	7,9%
Vinnuskilyrði	3,89	3,83	1,6%
Sveigjanleiki í vinnu	3,91	3,71	5,4%
Sjálfstæði í starfi	4,29	4,18	2,6%
Stolt af fyrirtæki	4,19	3,99	5,0%
Starfsandi	4,34	4,17	4,1%
Heildareinkunn	3,99	3,75	6,4%

Á árunum 2002 – 2007 voru þættirnir alls átta en eru nú sjö. Þáttagreining sýndi að þátturinn „Álag og kröfur“ dettur út en allar spurningarnar nema ein sem féllu undir þann þátt tilheyrna nú þættinum „Sveigjanleiki vinnu“.





## Bilið eykst

### Fyrirtæki fá hærri einkunnir en stofnanir

Það er alltaf áhugavert að bera saman viðhorf starfsmanna á almennum vinnumarkaði annars vegar og á hinum opinbera vinnumarkaði hins vegar. Í ár, þriðja árið í röð, tóku félagsmenn SFR - stéttarfélags í almannapjónustu þátt í könnun VR og gáfu vinnustöðum sínum einkunnir. Sömu spurningar voru lagðar fyrir alla starfsmenn og ljóst að þeir líta vinnustaði sína ólíkum augum eftir því hvar þeir vinna, eins og sjá má á grafinu hér að neðan.

Fyrirtæki fá að meðaltali nokkuð hærri einkunn á almennum vinnumarkaði en stofnanir fá á þeim opinbera og hefur sá munur aukist frá árinu 2006. Það ár var einkunn fyrirtækja að meðaltali 4% hærri en meðaleinkunn stofnana – 3,91 af 5 mögulegum á móti 3,77. Í ár er munurinn 9% eða 3,99 á móti 3,67.

Starfsmenn á báðum vinnumörkuðum gefa launakjörum lægstu einkunn en sú einkunn er áberandi lægri á opinbera markaðnum en hinum almenna, 2,76 á móti 3,4. Á hinum almenna vinnumarkaði fær starfsandinn hæstu einkunn en sjálfstæði í starfi hjá starfsmönnum á opinberum markaði. Einkunn fyrir trúverðugleika stjórnenda er umtalsvert hærri á almenna vinnumarkaðnum en þeim opinbera eða 3,95 á móti 3,61. Munurinn hefur aukist frá árinu 2006 en þá var einkunn fyrir trúverðugleika stjórnenda á almennum markaði 3,83 á móti 3,68 á opinbera markaðnum.

Þættur	SFR	VR
Heildareinkunn	3,67	3,99
Trúverðugleiki stjórnenda	3,61	3,95
Launakjör	2,76	3,40
Vinnuskilyrði	3,62	3,89
Sveigjanleiki í vinnu	3,60	3,91
Sjálfstæði í starfi	4,18	4,29
Stolt af fyrirtæki	3,72	4,19
Starfsandi	4,16	4,34

### Ánægja og stolt meiri á almennum markaði

Líðan starfsmanna á vinnumarkaði er almennt mjög góð en betri hjá starfsmönnum á almennum vinnumarkaði en á hinum opinbera, 87% þeirra fyrrnefndu líður á heildina vel í starfi en 84% starfsmanna hins opinbera.

Mikill meirihluti starfsmanna er stoltur af fyrirtæki sínu, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði en munurinn er engu að síður mikill, þeim almenna í hag. 86% starfsmanna á almennum markaði segjast stoltir af fyrirtækinu sem þeir starfa fyrir en 75% starfsmanna á opinbera markaðnum. Þá eru fleiri starfsmenn fyrirtækja ánægðir með þann sveigjanleika sem þeir hafa í vinnunni en starfsmenn stofnana, 86% á móti 78%.

# FYRIRTÆKI ÁRSINS 2008 [HVAÐ ER MIKILVÆGAST Í LÍFI OG STARFI?]

Í könnun VR á Fyrirtæki ársins voru þátttakendur beðnir um að velja fimm mikilvæg atriði sem skipta þá máli í lífi og starfi og forgangsraða þeim. Svarendur fengu nokkur atriði til að velja úr. Þessar spurningar voru eingöngu lagðar fyrir félagsmenn VR, ekki aðra starfsmenn fyrirtækja þar sem allir fengu að taka þátt, burtséð frá því hvort þeir væru í VR eða ekki. Niðurstöðurnar sýna hvað félagsmenn telja mikilvægt en hafa verður í huga að hér er um að ræða afstöðu til tiltekinna atriða eingöngu og fengu félagsmenn ekki færi á að bæta við atriðum ef þeir töldu þau atriði sem voru á listanum ekki nægilega mörg. Hér því um að ræða vísbendingu um hvað félagsmenn telja mikilvægast, bæði í lífi og starfi.

## Heilsan, fjölskyldan og vinnan

Þegar spurt var hvað væri mikilvægast í lífinu fengu svarendur 19 atriði til að velja úr. Þeir áttu að velja fimm og setja í mikilvægisröð. Yfir 60% svarenda settu góða heilsu í fyrsta sæti og er þessi þáttur með yfirburða stöðu. Í öðru sætinu er að sinna fjölskyldunni, 22% settu það í fyrsta sæti, og það þriðja mikilvægasta í lífinu að mati félagsmanna VR er að hafa vinnu, en 8% settu það atriði í fyrsta sæti. Félagsmenn telja það einnig mikilvægt að geta ræktað trú sína en sá þáttur var í fjórða sæti. Það sem minnstu skiptir af þeim atriðum sem félagsmenn höfðu úr að velja var að ferðast og kynnst nýjum menningarheimum. Hér má sjá lista yfir atriðin sem félagsmenn gátu valið um og er hann birtur í mikilvægisröð.

1. Að heilsan sé góð
2. Að hafa færi á að sinna fjölskyldunni
3. Að hafa vinnu
4. Að rækta trú mína
5. Að vera í krefjandi starfi
6. Að vera heiðarleg(ur)
7. Að fylgja ávallt nýjustu tískusträumum
8. Að búa yfir innri frið
9. Að geta lifað í vellystingum
10. Að eignast nóg af peningum
11. Að eiga möguleika á að mennta mig
12. Að eiga eða eignast eigið húsnæði
13. Að eiga áhugamál
14. Að eiga tíma fyrir sjálfa(n) mig
15. Að rækta samband við vini og kunningja
16. Að persónuleg ímynd mín sé jákvæð
17. Að safna ekki skuldum
18. Að láta gott af mér leiða
19. Að ferðast og kynnst nýjum menningarheimum





## Launin, starfið og samstarfsfólkið

Þegar spurt var hvað væri mikilvægast í starfi fengu svarendur 17 atriði til að velja úr. Þeir áttu að velja fimm og setja í mikilvægisröð. Það veður athygli að 45% svarenda settu góð laun í fyrsta sætið en um fimmtungur telur mikilvægast að starfið sé áhugavert. Í næstu sætum eru svo þægilegt samstarfsfólk og starfsöryggi. Það virðist ekki skipta fólk miklu máli að eiga frí um helgar eða að fá tækifæri til að hitta fólk í vinnunni því þessi tvö atriði voru í neðstu sætunum. Hér má sjá lista yfir atriðin sem félagsmenn gátu valið um og er hann birtur í mikilvægisröð.

1. Að launin séu góð
2. Að starfið sé áhugavert
3. Að samstarfsfólkið sé þægilegt
4. Að starfsöryggið sé tryggt
5. Að möguleikar séu á frama í starfi
6. Að álag sé hæfilegt
7. Að starfið sé gagnlegt fyrir þjóðfélagið
8. Að vinnutíminn sé þægilegur
9. Að sjá árangur af starfinu
10. Að starfið feli í sér mikla ábyrgð
11. Að starfið njóti almennrar virðingar
12. Að frítíminn sé nægur
13. Að vinnuskilyrði/aðstæður séu góðar
14. Að fyrirtækið sem ég starfa hjá sé eftirsóttur vinnustaður
15. Að möguleikar séu fyrir starfsmenn að sýna frumkvæði
16. Að eiga frí um helgar
17. Að fá tækifæri til að hitta fólk

# Slys á vinnutíma eða á leið á milli heimilis og vinnustaðar

Hafa launamenn almenna þekkingu á hvernig bregðast á við þegar þeir lenda í slysum á vinnustað eða á eðlilegri leið milli heimilis og vinnustaðar eða hvernig þeir eru yfirhöfuð tryggðir gagnvart vinnuslysum? Hér kynnir Rannveig Sigurðardóttir réttindi og skyldur í slysatilfellum tengdum vinnu.

## Áriðandi að tilkynna strax til vinnuveitanda

Þegar þú lendir í slysi á vinnustað, brotnar, brákast, færð höfuðhögg, tognar, skerð í sundur taugar eða sínar eða slasast enn alvarlegar, verður atvinnurekandi strax að fá vitneskju um slysið. Því honum ber skylda samkvæmt lögum að kalla til lögreglu og Vinnueftirlit ríkisins til að rannsaka slyssað. Rannsóknin er nauðsynleg til að ganga úr skugga um að öryggi á vinnustaðnum sé í lagi og hverjar séu orsakir slyssins. Ef þú slasast á leið milli vinnustaðar og til heimilis skalt þú eins fljótt og kostur er tilkynna það til atvinnurekanda.

## Skylt að tryggja starfsmenn

Atvinnurekanda er skylt samkvæmt kjarasamningum að tryggja starfsmenn hjá tryggingafélagi og einnig greiðir hann tryggingagjald til Tryggingastofnunar ríkisins. Þú ert því tryggður hjá tryggingafélagi atvinnurekanda og hjá Tryggingastofnun ríkisins. Tryggingafélagið greiðir bætur vegna tekjutaps, þ.e. dagpeninga þegar kjarasamningsbundnum rétti til launa í slysatilfellum lýkur, bætur vegna læknisfræðilegrar örorku og bætur vegna dauða. Tryggingastofnun greiðir útlagðan kostnað vegna slyssins samkvæmt lögum um Almannatryggingar, dagpeninga, bætur vegna læknisfræðilegrar örorku ef hunn er meiri en 10% og dánarbætur.

Mikilvægt er að atvinnurekandi tilkynni slysið einnig til þessara aðila, þ.e. tryggingafélags síns og

Tryggingastofnunar ríkisins. Ef það er hinsvegar ekki gert getur þú tilkynnt slysið þangað sjálfur.

## Passa þarf kvittanirnar

Halda þarf vel utan um allar kvittanir fyrir lækniástoð, lyfjakaup og sjúkraþjálfun sem Tryggingastofnun endurgreiðir vegna vinnuslysa. Krafist er ákveðinna læknisvottorða til að hægt sé að fá greidda dagpeninga bæði hjá tryggingafélögunum og Tryggingastofnun. Hámarksbótatími dagpeningagreiðslna hjá tryggingafélögum samkvæmt kjarasamningi VR er 37 vikur en hjá Tryggingastofnun ríkisins í allt að 52 vikur.

Læknisfræðilega örorku er ekki hægt að meta fyrir en í fyrsta lagi einu ári eftir slys, því í flestum tilfellum fer fyrsta árið í endurhæfingu og að ná sem mestum bata. Kjarasamnings slysatryggingin er lágmarkstrygging. Ef um vanbúnað er að ræða á vinnustað sem orsakað hefur slysið er hægt að gera kröfu á vinnuveitanda samkvæmt skaðabótalögum, einnig samkvæmt reglum um ábyrgð á slysum sem starfsmenn hans valda.

Varðandi bótafjárhæðir í slysatryggingu launamanna vísast í kjarasamning VR sem tók gildi 1. febrúar sl. Bótafjárhæðir dánarbóta tóku gildi strax þá en bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku og dagpeningar tóku gildi 1. maí sl.

Tryggingafélög tryggja launamenn í slysatryggingu launþega. Varðandi trygginguna hjá Tryggingastofnun ríkisins vísast í Almannatryggingalögin og heimasíðu Tryggingastofnunar [www.tr.is](http://www.tr.is).



# Vinnuslysatryggingar í nýja kjarasamningnum

Í kjarasamningum milli VR og SA sem undirritaðir voru 17. febrúar sl. vannst mjög margt í baráttunni fyrir bættum slysatryggingum launamanna. Þú ert tryggður af völdum slysa við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis.

## Ávinningar voru meðal annars

- Tryggingin gildir nú á ferðum innan- og utanlands á vegum vinnuveitanda.
- Í dag er enginn vinnuveitandi maður með mönnum nema boðið sé upp á hópeflisferðir eða öflugar starfsmannaferðir, nú ertu tryggður í þeim ferðum, hvort sem er á vinnutíma eða utan hans.
- Alstærsti hluti trygginganna núna er að bótafjárhæðir eru verðtryggðar sem þær voru ekki áður hjá stéttarfélagum innan Alþýðusambandsins. Bætur miðuðust við þá bótafjárhæð sem í gildi voru á slysdegi í fyrri kjarasamningum en miðast nú við greiðsludag bótanna.
- Bótafjárhæðir hækkuðu umtalsvert í öllum flokkum; dánarbætur, bætur vegna læknisfræðilegrar örorku og dagpeningar.
- Nú eru greiddar dánarbætur við missi framfæranda fyrir börn á aldrinum 17-22 ára sem ekki voru í fyrri samningum. Einnig eru greiddar helmingi hærra bætur til barna sem missa eina framfæranda sinn.

## Ekki gengu allar okkar kröfur eftir

- Aldursskerðingar voru settar á bætur vegna læknisfræðilegrar örorku um 2% á ári eftir að fimmtíu ára aldri er náð.
- Dagpeningar eru nú ekki greiddir lengur en í 37 vikur vegna vinnuslysa.

Nánari upplýsingar um slysatryggingakafla kjarasamningsins 2008 er að finna á [www.vr.is](http://www.vr.is) undir Kaup og kjör, kjarasamningar.

# Ungt fólk á vinnumarkaði

Ýmislegt sem gott er að vita áður en sumarvinnan hefst

Ef þú ert félagsmaður í VR tryggir félagið þér lágmarksréttindi á vinnumarkaði með gerð kjarasamninga. Það sem stendur í kjarasamningi er þinn réttur að lágmarki - svo getur þú samið við atvinnurekandann um hærra laun og viðtækari réttindi. Hér að neðan eru svör við algengum spurningum.

## 1. Hver er vinnutíminn?

Ef þú vinnur við afgreiðslustörf í verslun er dagvinnutímabilið almennt á milli kl. 9:00-18:00 frá mánudegi til föstudags. Fullt starf er 39,5 klst. á viku. Ef þú vinnur við skrifstofustörf er algengast að dagvinnutímabilið sé á milli kl. 9:00-17:00 alla virka daga. Fullt starf er 37,5 klst. á viku.

## 2. Hvað á ég að fá greitt fyrir vinnuna?

Þegar þú tekur að þér starf áttu í upphafi að semja við þinn vinnuveitanda um kaup og kjör. Þá er ekki síst mikilvægt að semja um launin. VR hefur samið um ákveðna lágmarkstaxta, það þýðir að ekki má borga minna en taxtarnir segja til um. Þú getur kynnt þér þessa taxta nánar á [www.vr.is](http://www.vr.is).

Á hinn bóginn er að sjálfsögðu leyfilegt og enn betra að semja um laun sem eru hærra en lágmarkstaxtarnir. Launin eiga að endurspeglar það hversu mikils virði þú ert sem starfskraftur. Það er því allra hagur að standa sig vel í starfi - góð frammistaða kallar á betri laun.

## 3. Munnlegt eða skriflegt?

Ráðningu skal ávallt staðfesta með skriflegum hætti. Það er á ábyrgð vinnuveitanda þíns að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi við þig eigi síðar en 2 mánuðum eftir að starf hefst. Þetta er ekki síst mikilvægt til að staðfesta þau kjör sem um er samið, t.d. vinnutíma, starfssvið og launakjör.

Í flestum tilvikum gera aðilar með sér munnlegt samkomulag í upphafi um þau atriði sem máli skipta. Því miður eru ekki allir, hvorki launþegar né vinnuveitendur, sem standa við gefin loforð þegar á reynir. Því er það góð regla í hverju vinnusambandi að staðfesta með skriflegum hætti allt það sem áhrif kann að hafa á sambandið, þar með talið breytingar á starfskjörum og aðrar tilkynningar.

## 4. Hvað er greitt fyrir eftirvinnu?

Eftirvinna er sá vinnutími sem unninn er utan dagvinnutímabils upp að 171,15 klst. vinnu hvern mánuð (162,5 klst. á skrifstofu). Eftirvinna er með 40% álagi á tímakaup í dagvinnu.

## 5. Hvað er greitt fyrir yfirvinnu?

Yfirvinna er sá vinnutími sem unninn er utan dagvinnutímabils umfram 171,15 klst. vinnu hvern mánuð (162,5 klst. á skrifstofu). Tímakaup í yfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum miðað við 100% starf.

**Dæmi:** Mánaðarlaun, kr. 100.000 \* 1,0385% = 1.038,5 kr./klst. fyrir yfirvinnu.

## 6. Hvað er greitt fyrir stórhátíðarvinnu?

Á hverju ári eru ætíð nokkrir dagar (svokallaðir rauðir dagar) sem annað hvort teljast almennir frídagar eða stórhátíðardagar. Þessa daga ertu ekki skyldug/ur til að vinna. Þetta eru því launaðir frídagar. Ef hins vegar er unnið á þessum dögum greiðist eftirvinnu/yfirvinnukaup vegna vinnu á almennum frídögum og stórhátíðarkaup vegna vinnu á stórhátíðardögum. Þetta kaup kemur til viðbótar þeim venjulegu dagvinnulaunum sem þú átt rétt á.

Tímakaup í stórhátíðarvinnu er 1,375% af mánaðarlaunum m/v 100% starf.

**Dæmi:** Mánaðarlaun, kr. 100.000 \* 1,375% = 1.375 kr./klst. fyrir stórhátíðarvinnu.

Stórhátíðardagar eru eftirfarandi: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, frídagur verslunarmanna, jóladagur og eftir kl. 12:00 á aðfangadag og gamlársdag. Almennir frídagar eru eftirfarandi: Allir helgidagar þjóðkirkjunnar sem ekki teljast til stórhátíðardaga, sumardagurinn fyrsti og 1. maí.

## 8. Hvenær er matartími?

Matartími í hádeginu (12:00-14:00) er á bilinu ½-1 klst. Þú þarft að vinna a.m.k. 5 klst. til að eiga rétt á matartíma. Matartíminn er ólaunaður. Kaffitíminn er 35 mín. á dag í verslun miðað við fullt starf



en 15 mín. á skrifstofu. Þú átt rétt á kaffitíma í samræmi við starfshlutfall þitt. Kaffítíminn er launaður.

Ef þú vinnur fram á kvöld áttu rétt á kvöldmatartíma á milli kl. 19:00-20:00. Kvöldmatartíminn er launaður og ef þú vinnur hann allan eða hluta af honum, færðu þann hluta á tvöföldum launum. Þú þarft að vinna a.m.k. 4 ½ klst. til að eiga rétt á kvöldmatartíma.

### 9. Er hægt að láta mig vinna stanslaust?

Nei, þú átt rétt á hvíld á milli vinnudaga, á milli 12 og 14 klst., en það fer eftir aldri. Börn 15 ára í skyldunámi eiga rétt á 14 klst. á sólarhring en unglingar 15-17 ára 12 klst. á sólarhring. Ef þú færð ekki þessa samfelldu hvíld áttu rétt á að taka frí í staðinn, 1,5 klst. fyrir hverja klst. sem vantar upp á hvíldina.

**Dæmi:** Launþegi fær 8 klst. hvíld á milli vinnudaga. Því vantar 3 klst. upp á að lágmarkshvíld sé náð. Þá verður frítökurétturinn 4,5 klst. (3\*1,5).

Auk þess áttu rétt á einum frídegi í viku. Ef þú vinnur 7 daga samfelldu áttu rétt á einum launuðum frídegi í vikunni á eftir. Svo má ekki gleyma því að þú átt alltaf rétt á að hafna þeirri aukavinnu sem þér er boðin. Enginn getur krafist þess að þú vinnir meira en það sem upphaflega var samið um.

### 10. Á ég rétt á orlofi?

Já, allir eiga rétt á orlofi. Orlof er ákveðin prósentá sem leggst ofan á laun.

Grunnprósentan er 10,17%. Orlofið er aðallega greitt með tvennum hætti. Annars vegar er það lagt inn á sérstakan orlofsreikning. Uppsöfnuð innistæða er síðan greidd út í upphafi sumars. Hins vegar safnar vinnuveitandi upp orlofinu fyrir launþegann og greiðir það út þegar hann/hún tekur sitt sumarleyfi. Hver og einn þarf að ákveða í samráði við vinnuveitanda hvenær sumarleyfið er tekið.

Orlof á aldrei að vera innfalið í launum. Það greiðist sérstaklega.

### 11. Hvað ef ég veikist?

Um leið og þú hefur starfað í 1 mánuð hjá vinnuveitanda ertu búin/n að ávinna þér veikindarétt. Það þýðir að þú átt rétt á að fá þá daga sem þú getur ekki sinnt starfi þínu vegna veikinda, greidda frá vinnuveitanda.

Veikindarétturinn er 2 virkir dagar fyrir hvern unnin mánuð og hann safnast upp á milli mánaða.

**Dæmi:** Ef þú hefur starfað í 4 mánuði á þínum vinnustað án þess að veikjast, þá áttu 8 daga í veikindarétt. Þú verður þó ávallt að gæta þess að tilkynna veikindi þín til vinnuveitanda með réttum hætti.



Ef þú hefur starfað í meira en 1 ár hjá vinnuveitanda áttu rétt á auknum veikindarétti, 2 mánuðum á hverju 12 mánaða tímabili. Eftir 5 ár áttu rétt á 4 mánuðum á hverju 12 mánaða tímabili og eftir 10 ár áttu rétt á 6 mánuðum.

### 12. Á ég uppsagnarfrest?

Já, uppsagnarfrestur er ávallt í hlutfalli við það hversu lengi þú hefur starfað hjá vinnuveitanda.

Á fyrstu 3 mánuðum í starfi er uppsagnarfrestur 1 vika, á næstu 3 mánuðum er uppsagnarfrestur 1 mánuður, bundinn við mánaðamót, og eftir 6 mánaða starf er uppsagnarfrestur orðinn 3 mánuðir, bundinn við mánaðamót.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur. Það þýðir að bæði þú sem launþegi og þinn vinnuveitandi, verðið að virða þennan frest nema þið náðið samkomulagi um annað.

Allar nánari upplýsingar á [www.vr.is](http://www.vr.is)



## Glaðlegir sumarréttir frá Reims

Bragðlaukarnir taka gjarnan kipp þegar talað er um franska matarmenningu. Nú er kominn rétti tíminn fyrir léttari rétti með sumri og ört hækkandi sól. Ragnar Friðriksson matgæðingur og áhugamaður um vín býr í borginni Reims í Campagnehéraði í Frakklandi. Hann býður lesendum hér upp á tvo léttu sumarrétti og bendir á vín við hæfi.

## Salat með kóngarækjum og appelsínur

Fyrir 4

Blandað salat  
20 kóngarækjur  
2 appelsínur  
1/2 rauðlaukur  
50 g af furuhnetum  
1 safi úr einni sítrónu  
3 matskeiðar olífuolía  
graslaukur  
salt og pipar

Lagið viniagrette úr sítrónusafanum og olífuolíunni. Kryddið með salti og pipar. Afhýðið appelsínurnar með hníf og skerið kjötið frá skinninu. Ristið furuhneturnar á þurri pönnu þar til þær taka lit. Þvoið og þurrkið og rífið niður salatblöðin. Setjið kóngarækjurnar, appelsínurnar, furuhneturnar og þunnt skorinn laukinn út í salatið. Blandið vel með viniagrettinu. Skerið graslauk yfir og berið fram.

Hægt er að nota allskonar skelfisk og jafnvel reyktan lax í þetta salat. Það kemur skemmtilegt samspil á milli fisksins og appelsínunnar.

Með þessu er gott að bera fram einfalt, ferskt og þurrt hvítvín. T.d. svalandi Sauvignon Blanc frá Loire dalnum eða Suður-Frakklandi.

## Kjúklingur í kókosmjólk með karrí og banönum

Fyrir 4

4 kjúklingabringur  
1 rauð paprika  
1 laukur  
2 teskeiðar sterk karrísósa (vindaloo)  
2 dl kókosnetumjólk  
2 bananar  
50 gr möndluspænar  
fersk kórianderblöð  
matarolía  
salt og pipar

Skerið paprikuna, laukinn og kjúklinginn í grófa teninga. Hitið olíu í stórra pönnu og mýkið varlega laukinn og paprikuna. Bætið kjúklingnum á pönnuna og brúnið aðeins. Bætið karrísósunni út í og blandið vel. Setjið kókosnetumjólkina út í og látið malla í 10 mínútur eða þar til paprikan er soðin. Saltið og piprið eftir smekk. Gott er að láta réttinn hvíla í pönnunni í nokkrar mínútur áður en hann er borinn fram. Þá tekur kjúklingurinn í sig safann og það kemur í veg fyrir að hann verði þurr. Ristið möndluspæna á þurri pönnu á meðan. Skerið að lokum bananana í sneiðar, bætið á pönnuna og hitið upp réttinn. Stráið möndluspónunum yfir ásamt smátt söxuðu kóriander. Berið fram með basmati hrisgrjónum.



Karrí er indverskt samheiti yfir kryddblöndu. Ég notaði sterka Vindaloo sósu í þetta skipti, en hægt er að nota aðrar gerðir af karrí eða hreinlega chili pipar „paste“ til að fá smá stuð í þennan rétt.

Þessi réttur væri góður með svolítið gjöfulu hvítvíni með sólríku og ávaxtaríku ívafi. Til dæmis væri við hæfi vel gerður og ávaxtaríkur Pinot Blanc frá Alsace eða eykaður Chardonnay frá Suður-Frakklandi.



Ég ákvað að nota tímann og sinna húsverkunum. Fyrst potaði ég pelatúttum í pott og stillti á suðu. Síðan óð ég niður í þvottahús, hengdi úr vélinni og skellti í aðra. Þá skaust ég upp með þurra þvottinn og tók fram straubrettið sem ég fékk lánað hjá strákum sem voru nágrennar mínir fyrir einum 17 árum og hef ekki enn skilað. Ég minnstist strákanna með hlýhug á meðan ég straujaði eins og herforingi – eða eins og ég ímynda mér að herforingjar myndu strauja ef þeir ættu von á finum orðum fyrir þess háttar störf.

Þegar staflinn var orðinn sléttur eins og piparkökudeig mundi ég eftir því að ég átti miða á frumsýningu um kvöldið. Kæmist ég í sparikjólinn? Ég fór inn í svefnherbergi, tók fram kjólinn, ljósblátt hjálalín, dró djúpt inn andann og smokraði mér í hann. Jú, hann var farinn að passa aftur. Ég ætlaði að sjá hvernig ég tók mig út í baðherbergisspeglinum og snaraðist fram. Þar blasti við mér sérkennileg sjón. Hnausþykk þoka lá yfir öllu svo varla

Pistill Gerðar Kristnýjar

## Kannast hlustendur við orðið brjóstapoka?

Þegar fólk eignast börn bætist fjöldinn allur af nýjum hugtökum við í heilabúinu. Eitt þeirra er þetta myndræna og skemmtilega orð, brjóstapoka. Líklega gæti einhverjum dottið í hug að um sé að ræða einhverja ákveðna þoku sem gæti hafa hulið Holtavörðuheidiðna þvera og endilanga einmitt þegar Jón Jónsson frá Skarði átti þar leið um. Hafi hann reynt að fálma sig í gegnum þokuna en fundið þá að hendur hans námu við brjóst ein mikil. Vísuðu þau honum leiðina til bæja. Þó sá hann aldrei nokkra konu en þótti víst að þar færi álfkona. Eins og þetta gæti nú orðið ágæt saga á hún ekkert skylt við brjóstapoka.

Orðið brjóstapoka er notað yfir gleymsku mjólkandi mæðra. Er þetta ekki bara enn ein sjúkdómavæðingin, velti ég fyrir mér þegar ég heyrði talað um hana fyrst. Lengi vel trúði ég ekki öðru en hún hefði sneitt framhjá mér. Ég fer að minnsta kosti létt með að muna eftir pistlunum sem ég hef lofað og sjónvarpsþáttunum þar sem ég segi frá bókum sem ég hef lesið. Ég man meira að segja eftir því að lesa þær. Niðurstaðan var sú að líklega hefðu allar þessar gleymnu konur sem urðu til þess að orðið brjóstapoka var fundið upp ekki verið neitt minnugri áður en þær urðu mæður. Fyrir nokkru varð þó leiðindaatburður til þess að á mig komu vöflur. Þetta var ósköp venjulegur vordagur. Kuldann lagði inn um gluggana þrátt fyrir glampanði sólina og kornabarnið svaf vært í vöggu.

sást húsgagna á milli. Svo þannig leit hún þá út, blessuð brjóstapokan, varla að ég sæi brjóst minna skil. Hey, þaðan hlaut nafnið auðvitað að vera komið!

Ég óð hikandi í gegnum mökkinn og var að búa mig undir að æpa hó! eins og smali í íslensku ævintýri þegar ég fann megnan daun. Eitthvað brann. Túttarnar! Þokan þéttist eftir því sem ég nálgaðist eldhúsið og það var varla að ég þyrði að líta ofan í pottinn. Innihaldið voru vitaskuld orðið að svartri leðju. Ég greip pottinn af álíka elskusemi og hvölp sem þjáist af þvagleka og henti honum út. Þá rifjaðist upp fyrir mér að svipað atvik hafði einmitt átt sér stað þegar eldri sonur minn var lítill. Mér hafði orðið það á að bræða hrúgu af snuðum. Það alfáránlegasta við það havarí var að drengurinn notaði ekki aldrei snuð og því hef ég aldrei skilið hvað ég var að bauka þetta.

Nokkru síðar sá ég haft eftir Herdís Storgaard forvarnarfulltrúa að það þyrfti ekkert að sjóða snuð lengur auk þess sem fjöldann allan af húsbrúnum mætti rekja til slíkra pottagaldra. Mæður ungbarna hefðu svo mikið að gera að það væri engin furða þótt þær gleymdu því að hafa nokkurn tímann á ævinni þjástrað við eldavél. Ekki man ég samt eftir því að Herdís hafi nokkuð minnst á orðið brjóstapoka. Næst þegar ég heyri talað um þetta ástand á ég örugglega ekki eftir að þora að viðurkenna að ég hafi nokkurn tímann kynnst því en kannski á ég eftir að kinka íbygginn kalli.



## Taktu bókina með í fríið

Fátt er eins gott og fyrsti dagurinn í sumarfríinu. Hugurinn er fullur af draumum um það hvernig dagarnir eigi að líða og skipulagið á fullu. Sumir ætla sér um of og gleyma því að sumarfríinu er ætlað að vera frí. Þá getur verið gott að gíra sig niður yfir góðri bók hvort heldur er heima í hléi frá húsamálon eða garðvinnu, í sumarbústaðnum eða á erlendri grundu.

Lára Aðalsteinsdóttir er markaðsstjóri hjá Eymundsson. Hún er bókmenntafræðingur með meistaragráðu í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum. Aðspurð segist hún að í Eymundsson sé sífellt líf og fjör enda er bókaútgáfa blómleg allt árið um kring og koma inn íslenskar og erlendar bækur jafnt og þétt allt árið. Það eru því aldrei rólegheit í bókaverslunum. En hvaða bækur eru ákjósanlegar með í fríið þetta sumarið að mati Láru?

### **Kvæðasafn Þórarins Eldjárns**

er komið út í kilju, bók sem hentar öllum og gott að grípa til hvar og hvenær sem er. Þar er að finna allar útgefnar ljóðabækur hans, átta talsins, og úrval úr fimm barnaljóðabókum. Frábær bók, krydduð alþekktí kímni Þórarins, sem kemur öllum í gott skap. Hér er á ferðinni bók sem fjölskyldan á að lesa saman fyrir hvert annað.

### **Áður en ég dey**

*eftir Jenny Downham*

Þetta er stórgóð og áhrifamikil bók sem sópað hefur að sér verðlaunum út um allan heim. Hún fjallar um 16 ára gamla stúlku sem haldin er ólæknandi sjúkdómi en hleypur út í lífið á 200 km hraða. Bókin fjallar um dauðann en jafnframt óður til lífsins og er sagan í frábærri þýðingu Ísaks Harðarsonar.

### **After Dark**

*eftir Haruki Murakami*

Þetta er síðasta bók þessa fræga japanska höfundar, en hann var hér á bókmenntahátíð fyrir nokkrum árum. Bókin fjallar um konu sem finnur vændiskonu sem er í sárum eftir viðskiptavin sinn. Bókin ber öll höfundarmerki Murakamis, mikil tónlist í bókinni og töfrum slungin söguþráður sem leiðir mann áfram.

### **The Blood of Flowers**

*eftir Anitu Amirrezvani*

Þessi bók stökk nýverið upp á metsölulista Eymundsson. Bókin fjallar um unga konu í Íran á 17. öld. Við skyndilegt fráfall föður hennar standa hún og móðir hennar frammi fyrir því að þurfa að flytja og leita ásjár hjá frænda sem er vel stæður teppagerðarmaður. Saga sem gerist fyrir nokkrum öldum en segir okkur líka lúmskt hver staða konunnar er í dag. Bókin einlæg og falleg frumraun höfundar.

Á RÖLTINU

# Félagsmenn VR

VR blaðið kíkta í Holtagarða einn bjartan vordag í maí, heimsótti nokkra félagsmenn á vinnustað og spurði þá spjörunum úr.



## Brynjar Guðjónsson

Starfsmaður Útilífs í Holtagörðum

Stjörnumerki? Hróttur

Eric Clapton eða James Blunt? James Blunt

Innanlands eða utanlands í sumar? Innanlands

Þrjú orð sem lýsa þér best? Staðfastur, jákvæður og bjartsýnn

Uppáhalds staður á Íslandi? Reykjavík

Hvernig ferðastu í vinnuna? Gangandi



## Lilja Kristín Jónsdóttir

Starfsmaður Te og kaffi í Holtagörðum

Stjörnumerki? Naut

Eric Clapton eða James Blunt? Eric Clapton

Innanlands eða utanlands í sumar? Utanlands – ætla til Berlínar

Þrjú orð sem lýsa þér best? Þrjóska, heimakær og gráðug

Uppáhalds staður á Íslandi? Egilsstaðir

Hvernig ferðastu í vinnuna? Á bíl



## Páll Pálsson

Starfsmaður Eymundsson í Holtagörðum

Stjörnumerki? Vog

Eric Clapton eða James Blunt? Eric Clapton

Innanlands eða utanlands í sumar? Utanlands – ætla til Spánar

Þrjú orð sem lýsa þér best? Óþolinmóður, þrjóskur og glaður

Uppáhalds staður á Íslandi? Reykjavík

Hvernig ferðastu í vinnuna? Á bíl



## Unnur Baldursdóttir

Starfsmaður Habitat í Holtagörðum

Stjörnumerki? Tvíburi

Eric Clapton eða James Blunt? Eric Clapton

Innanlands eða utanlands í sumar? Innanlands

Þrjú orð sem lýsa þér best? Jákvæð, bjartsýn og húmoristi

Uppáhalds staður á Íslandi? Sunnanvert Snæfellsnes

Hvernig ferðastu í vinnuna? Á bíl



## ORLOFSMÁL

# Orlof og orlofsréttur

Í nýgerðum kjarasamningum VR við Samtök atvinnulífsins (SA) og Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) var samið um aukin réttindi félagsmanna við orlofstöku. Þessi samningsákvæði eru samhljóða og því gildir sami réttur varðandi lengd orlofs í báðum samningum.

Lágmarks orlof skal vera 24 virkir dagar fyrir hvern launþega. Það þýðir að tveir orlofsdagar ávinnast fyrir hvern mánuð á orlofsárinu. Orlofsprósenta er 10,17%.

Eftir 5 ára starf í starfsgrein öðlast launþegi 25 virka daga í orlof. Orlofsprósenta verður 10,64%.

Eftir 5 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþegi 26 virka daga orlof í sumar og 27 daga orlof sumarið 2009.

Eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþegi 29 virka daga í orlof í sumar og 30 daga orlof sumarið 2009.

Starfsmaður sem öðlast hefur 29/30 daga orlofsrétt eftir 10 ára starf hjá fyrri atvinnurekanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið sannreynður.

Starfsmaður sem öðlast hefur 26/27 daga orlofsrétt eftir 5 ára starf hjá fyrri atvinnurekanda, fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið sannreynður.

### Orlofsprósenta eru eftirfarandi

24 dagar = 10,17%
25 dagar = 10,64%
26 dagar = 11,11%
27 dagar = 11,59%
28 dagar = 12,07%
29 dagar = 12,55%
30 dagar = 13,04%

Til orlofsdaga teljast aðeins virkir dagar. Á orlofstímanum frá 2. maí - 15. september ár hvert eiga starfsmenn rétt á 24 daga orlofi, jafnvel þó þeir eigi ekki rétt til orlofslauna allan þann tíma hjá vinnuveitanda.

### Orlofstaka utan tímabils

Ef starfsmaður fer í orlof eftir 15. september að ósk atvinnurekanda, skal hann fá 25% lengingu á þann hluta orlofsins. Þetta þýðir að fyrir hverja fjóra daga sem teknir eru eftir þann tíma, bætist fimmti dagurinn við. Ef starfsmaður óskar hins vegar sjálfur eftir orlofi síðar en 15. september lengist orlof hans ekki.

Starfsfólk VR er komið í sumarskap og hefur af því tilefni safnað saman eftirfarandi fróðleiksmolum um orlofsréttindi VR-félaga.



### Hvenær ber að greiða orlofslaun?

Orlofslaun ber að greiða þegar launþegi fer í orlof. Einnig er mögulegt að samningur hafi verið gerður um vörslu orlofslauna við tiltekinn banka eða sparisjóð, en þá er orlofsfé laust eigi síðar en 15. maí ár hvert. Þegar starfsmaður hættir störfum hjá vinnuveitanda ber að greiða út áunnið orlof, skv. lögum um orlof nr. 30/1987.

### Ákvörðun orlofstöku

Orlofstímabilið er frá 2. maí - 15. september ár hvert og á hver launþegi rétt á því að taka orlof sitt í einu lagi á þessu tímabili. Í lögum um orlof segir að atvinnurekandi skuli í samráði við launþegann ákveða orlofstöku hans. Atvinnurekandi skal verða við óskum launþegans um hvenær orlof skuli tekið, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Endanleg ákvörðun um orlofstöku er því í höndum vinnuveitanda.

Atvinnurekandi skal eins fljótt og unnt er, eða í síðasta lagi einum mánuði fyrir byrjun orlofs, tilkynna launþega hvenær orlof skuli hefjast.

### Lokun fyrirtækis vegna orlofs starfsmanna

Vinnuveitanda er heimilt að loka fyrirtæki á meðan á orlofi starfsmanna stendur, ef hann tilkynnir starfsmönnum það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem ekki hafa áunnið sér fullan orlofsrétt, geta ekki krafist launa allan þann tíma. Aftur á móti geta þeir starfsmenn sem þegar hafa tekið orlof sitt á tímabilinu, átt rétt til launa þann tíma sem lokað er.

### Veikindi í orlofi

Starfsmaður sem veikist innanlands í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal á fyrsta degi, t.d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnæggi hann tilkynningunni og veikindin standa samfelld lengur en 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES-svæðisins, Bandaríkjanna, Kanada og Sviss, auk þess að leiða til sjúkrahúsvistar (hjá FÍS þurfa veikindi erlendis að leiða til sjúkrahúsvistar eða heimflutnings), á launþeginn rétt til uppbótarorlofs jafn langan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði, sé þess óskað.

### Orlof og uppsagnarfrestur

Vinnuveitandi getur ekki einhliða ákveðið að orlof launþega komi inn í uppsagnarfrest hans. Uppsagnarfrestur á að nýtast starfsmanni óskertur við að leita sér nýrrar vinnu. Ef vinnuveitandi gæti ákveðið að orlof kæmi inn í uppsagnarfrest starfsmannsins myndi umsamin uppsagnarfrestur ekki nýtast starfsmanninum eins og til er ætlast. Orlof getur því ekki fallið inn í uppsagnarfrest, hvort sem tekin hefur verið ákvörðun um orlof fyrir uppsögn eða ekki, nema með samþykki aðila.

### Framsal orlofs á milli ára

Skv. 13. grein orlofslaga er framsal á orlofi og orlofslaunum óheimilt á milli ára. Þetta þýðir að launþegi þarf að fullnýta orlofsrétt sinn áður en nýtt orlofsár hefst. Það er í raun sameiginleg ábyrgð vinnuveitanda og launþega að sjá til þess að orlof sé nýtt innan tilskyldra tímamarka. Með samkomulagi á milli vinnuveitanda og launþega er þó hægt að flytja orlofsréttindi á milli ára.







### Vanskil atvinnurekanda á orlofi

Ef starfsmenn hafa ekki fengið greitt út orlof sitt frá vinnuveitanda á réttum tíma er hægt að leita til skrifstofu VR og óska aðstoðar félagsins við innheimtu á kröfunni.

*Nánari upplýsingar um orlofstöku og orlofslög er hægt að nálgast hjá starfsfólki á kjarasviði VR.*



# Krossgátan

				FULL- NACCS- ANDI	DYRS AS HARDA KTY	GREN- LEGG- AN	ÖHR- EINKA	RÖMU- TALA	GRAMM YNDI	ÞRÁÐ- KRENN 2 EINS	FRAMM- EYÐ EINUM AF ÁÐUM
				VIÐ- MÖTS- ÞÝÐA				22			
				ÖÐAMM + BOK		1					
				ROLA REIDAN				TIMEN- AR- FRUMA KVAL AKTIV			49
GRUNI + FUGLS							NOKKVA SHSSU	15			
FARÐ- VINNIS- VEG- FERI	21			LEIKN- IN MAMM- NAFNS							
KILFR- AST	12						SILA- HEPPUR VITRIL- SAMNI				
EFDAR					TAP HEMMA EFTIR	8					
SAMT- RÆÐUR VIÐ	8						VAND- RÆÐI FRÉÐA				24
		ÞICHTA		SKRÆÐ- UM SKRÆÐ- VA			BITINN SPÍTA VEINA				16
LÍKAM- HLUTI			DÖM- SAMNI ELSKU					4			ÞAGN- DÖR- HNEGR
MANN- NAFNS	20				FIL AF LAUDA SINTO					SKUDRA	
MYNNI	↓				GLUF- SAM ÖÐAGDT						
MACA- KEIS- INN	23						FASÖN- UR VÆN				
		MANN- ÞRÖNG- INA		URMUL SETIR			Á HÚSI		TÖNN GLÖF- AR HIND		3
SÖÐI					BEIDNA FUGLS		13				FLAI HVAL- FULLAR
SVELL			DRENG- IR	STÉTT BEYG- UR						FRUM- EFNI	19
MÓSKA	25						SARA LENERA AB BAKI				
LASTA			17				FÖLDI TÖNN BRANKA				
GABD- ENDA- VECCIR									6	STIC- INN	
		GÖBKA		KEPA VAXA UPP	7			UPP- ELOI FLAUT- UR			
BLUND- AR					KVELUR + PVAGA						10
	MANN- SPÖK	9		VEIDAR FERI	FLYÐ- FRANI HÁÐ				ODDI BOK- STAFUR		
GLEÐI- KONAN							URMUL UR FIL				2
FÖX- ILL		HÁÐ- FLIPAR				11		HEIMSK INLETA			
TIL JÓLU + FRAN- HEFNA			18							RÝK- KORN	



## Verðlauna- krossgáta kr. 12.000

Lausnin á síðustu krossgátu er málshátturinn „Oft er drengur í dánumanns ætt.“

Vinningshafi aprílkrossgátunnar er **Halla Marinósdóttir** sem starfar í hlutastarfi í tjonadeild hjá Sjóvá. Hún er einnig nemi í klassískum söng við Söngskólann í Reykjavík og stefnir út í heim til frekara náms á næstu árum. Við óskum henni til hamingju með verðlaunin sem eru 12.000 krónur og góðs gengis í söngnum.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er **1. júlí 2008**. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifð „krossgáta“ utan á umslagjö.

Utánaskriftn er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is)

GUNNAR PÁLL PÁLSSON

# Skyggnst í hugarheim formanns VR



## Hugmynd þín um fullkomna hamingju?

Þegar fjölskyldulífið er í jafnvægi, engin veikur og öllum sinnt og á sama tíma að við höfum náð einhverjum árangri í vinnunni, að friður ríki í heiminum og ég hafi tíma til að fara í golf.

## Hvað freistingar áttu erfiðast með að standast?

Að halda aftur af mér gagnvart góðum mat og sætindum, ég hreyfi mig þó nokkuð en lækni segir að ég sé 8 kg yfir kjörþyngd.

## Hvaða hæfileikum myndir þú helst vilja vera gæddur?

Ég vildi gjarnan geta tjáð hugsanir mínar á skýrari og meira sannfærandi hátt.

## Hvað metur þú mest í fari vina þinna?

Það að taka hlutunum ekki of alvarlega, að geta rætt saman, hlegið og að manni sé fyrirgefið þótt maður segi einhverja bölvada vitleysu.

## Ef þú gætir breytt einhverju einu atriði hjá sjálfum þér, hverju myndirðu breyta?

Núna þegar sumarið er að koma er það helst golfsveiflan sem mætti batna.

## Hvað ergir þig?

Dómharka og óbilgirni gagnvart náunganum og þessa dagana metnaðarleysi unglingssonarins gagnvart framhaldskólanáminu.

## Hvað kemur þér til að hlæja?

Flest, er hláturmildur, léttur og ljúfur!

## Hvað grætir þig?

Má ekkert aamt sjá.

## Hvað er besta ráð sem þér hefur verið gefið?

Að þolinmæði sé dyggð.

## Hverju sérðu mest eftir í lífinu?

Tíma sem farið hefur í árangurslausa fundi, sem hefði mátt nýta betur með fjölskyldunni.

## Trúirðu á örlög?

Ekki beint, en ótrúlega oft virðast hlutir streyma í aðrar áttir en lagt var upp með, eins og það að ég yrði formaður VR. En þegar litið er til baka virðast margir lækir í mínu lífi runnið í þá átt...



# Merkið sem allir eru að tala um

## Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2008

Rúmlega **10.000 starfsmenn** tóku þátt í stærstu vinnumarkaðskönnun landsins og hlutu alls 40 fyrirtæki nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2008**. Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum mældust afar vel og óskum við þeim innilega til hamingju. Kynntu þér niðurstöðurnar í heild á [www.vr.is](http://www.vr.is).

### Stærri fyrirmyndarfyrirtæki:

- |                             |  |
|-----------------------------|--|
| 1. Fjarhitun                | 11. Þrek (World Class)                 |
| 2.-3. Línuhönnun            | 12. Icepharma                          |
| 2.-3. Logos                 | 13. VGK-Hönnun                         |
| 4. Kraftvélar               | 14. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen |
| 5. Fosshótel                | 15. Maritech                           |
| 6. Háskólinn í Reykjavík    | 16. Sjóvá                              |
| 7. Rafteikning              | 17. Applicon                           |
| 8. Össur                    | 18. CCP                                |
| 9. PricewaterhouseCoopers   | 19. Íslensk-ameríska verslunarfélagið  |
| 10. Íslenskir aðalverktakar | 20. Deloitte                           |

### Minni fyrirmyndarfyrirtæki:

- |                      |                        |
|----------------------|------------------------|
| 1. Vélfang           | 11. dk hugbúnaður      |
| 2. Gróco             | 12. Sigurborg          |
| 3. Miracle           | 13. Járn og gler       |
| 4. Vinnuföt          | 14. Teymi              |
| 5. Servida           | 15. VSB verkfræðistofa |
| 6. Microsoft Íslandi | 16. Auglýsingamiðlun   |
| 7. Alskil            | 17. Annata             |
| 8. Birtingahúsið     | 18. Fálkinn            |
| 9. Sensa             | 19. Skattur og bókhald |
| 10. Fastus           | 20. Hvíta húsið        |